# Ársskýrsla

## Fangelsismálastofnunar ríkisins

## 2003

Ágúst 2004

## Efnisyfirlit

Bls.

**Formáli** .......... **7**

**I. FJÁRHAGUR OG STARFSEMI FANGELSISKERFISINS** .......... **9**

I. 1 REKSTRARKOSTNAÐUR EINSTAKRA LIÐA, STARFSEMI OG STARFSMENN .......... 10
Yfirstjórn .......... 11

I. 2 FANGELSIN .......... 12
Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu .......... 12
Fangelsið Litla-Hrauni .......... 13
Skólahald í Fangelsinu Litla-Hrauni .......... 14
Fangelsið Kvíabryggju .......... 14
Fangelsið Akureyri .......... 15

I. 3. FANGAVARÐASKÓLI RÍKISINS .......... 15

**II. ÝMSAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR** .......... **15**

II. 1 LEYFI ÚR FANGELSI .......... 15
II. 2 ÁFENGIS OF FÍKNIEFNAMEÐFERÐ Í AFPLÁNUN .......... 16
II. 3 STROK OG STROKTILRAUNIR ÚR FANGELSI .......... 16

**III. FULLNUSTA REFSIDÓMA** .......... **17**

III. 1 AFPLÁNUN HJÁ FÉLAGASAMTÖKUNUM VERND .......... 17
III. 2 SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA .......... 18
III. 3 TÖLULEGT YFIRLIT UM DÓMA OG ÞRÓUN DÓMAFULLNUSTU .......... 24
Tafla 1.1 TEGUNDIR REFSINGA SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU ÁRIN 1999–2003 .......... 36
Tafla 1.2 TEGUNDIR REFSINGA, SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU, ÞAR SEM DÓMÞOLAR ERU 15–17 ÁRA VIÐ UPPKVAÐNINGU DÓMA, VIÐURLAGAÁKVARÐANA OG ÁRITAÐRA SEKTARBOÐA ÁRIN 1999–2003 .......... 37
Tafla 2.1 SKIPTING DÓMÞOLA, SEM DÆMDIR HAFA VERIÐ Í ÓSKILORÐSBUNDNA FANGELSISREFSINGU, Í LOK HVERS ÁRS ÁRIN 1999–2003 .......... 38
Tafla 2.2 FJÖLDI FANGA SEM AFPLÁNAR VARAREFSINGU FÉSEKTA OG SÆTIR GÆSLUVARÐHALDI Í LOK ÁRANNA 1999–2003 .......... 38
Tafla 3a) ALDURSSKIPTING FANGA SEM LUKU AFPLÁNUN EÐA VORU Í AFPLÁNUN UM ÁRAMÓT ÁRIN 1999–2003 .......... 39
Tafla 3b) ALDURSSKIPTING ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKB. FANGELSISREFSINGAR, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1999–2003 .......... 39

Tafla 4a) TILEFNI FANGAVISTAR ÁRIN 1999–2003 ... 40
Tafla 4b) AFBROT ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKB. FANGELSISREFS., RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1999–2003 ... 40
Tafla 5 FJÖLDI ÓSKILORÐSBUNDINNA FANGELSISREFSINGA, SEM BARST TIL FULLNUSTU MIÐAÐ VIÐ LENGD REFSITÍMA ÁRIN 1999–2003 ... 41
Tafla 6a) FJÖLDI DÓMÞOLA SEM HÓFU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1999–2003 ... 41
Tafla 6b) KYNJASKIPTING DÓMÞOLA SEM HÓFU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1999–2003 ... 42
Tafla 7 FANGAR SEM LUKU AFPLÁNUN ÁRIN 1999–2003 ... 43
a) Ástæða losunar ... 43
b) Fyrsta afplánun eða afplánað áður ... 43
c) Lengd afplánunar ... 43
d) Skipting eftir kynjum ... 43
Tafla 8 DAGAFJÖLDI VEGNA AFPLÁNUNAR ÁRIN 1999–2003 ÁSAMT DAGAFJÖLDA VEGNA GÆSLUVARÐHALDS OG VARAREFSINGA. NÝTING ÁRIN 1999–2003 ... 44
a) Fjöldi afplánunardaga ... 44
b) Fjöldi gæsluvarðhaldsdaga ... 44
c) Fjöldi daga í vararefsingu fésekta ... 45
d) Meðaltalsfjöldi allra fanga á dag ... 45
e) Nýting ... 45
Tafla 9 NIÐURFALLIN REFSING ÁRIN 1999–2003 ... 46
Tafla 10 VEITING REYNSLULAUSNA ÁRIN 1999–2003 ... 46
Tafla 11 SKILORÐSBUNDNIR DÓMAR ÁRIN 1999–2003 FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM ... 47
Tafla 12 SEKTARDÓMAR ÁRIN 1999–2003 FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM ... 47
Tafla 13 ÓSKILORÐSBUNDNIR DÓMAR ÁRIN 1999–2003 FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM ... 48

III. 4 FÉSEKTIR OG SAKARKOSTNAÐUR SAMKVÆMT DÓMUM – VIÐURLAGAÁKVARÐANIR – ÁRITUÐ SEKTARBOÐ ... 48
A. Fésektir samkvæmt dómum ... 48
B. Sakarkostnaður samkvæmt dómum ... 49
C. Viðurlagaákvarðanir ... 49
D. Árituð sektarboð ... 50

**IV. ÁKÆRUFRESTANIR ... 50**

Tafla 14 AFBROT ... 53
Tafla 15 NÁM OG STARF ... 53
Tafla 16 ALDUR ... 53
Tafla 17 BÚSETA ... 54
Tafla 18 MENNTUN ... 54
Tafla 19 HJÚSKAPARSTAÐA FORELDRA ... 54

**V. SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA** ........ **55**

**VI. RANNSÓKNIR**
**FÉLAGSLEG STAÐA FANGA OG AFBROT ÞEIRRA** ........ **57**
*Inngangur* ........ 57

**Kafli I. Aðferðir og gögn** ........ **57**
*I. 1. Spurningar og framkvæmd* ........ 57
*I. 2. Þátttakendur* ........ 57

**Kafli II. Félagsleg einkenni fanga** ........ **59**
*II. 1. Fjölskylduaðstaða í uppeldi* ........ 59
*II. 2. Búseta* ........ 61
*II. 3. Menntun, atvinna og heilsufar* ........ 62
*II. 4. Hjúskaparstaða og barneign* ........ 64
*II. 5. Aðsetur að lokinni afplánun* ........ 65
*II. 6. Vímuefnaneysla* ........ 66
*Samantekt* ........ 68

**Kafli III. Afbrot í tengslum við félagslega stöðu og vímuefnaneyslu** ........ **69**
*III. 1. Tegund afbrots og abrotaferill* ........ 69
*III. 2. Fjölskyldustaða í uppeldi eftir tegund afbrots* ........ 70
*III. 3. Búseta* ........ 70
*III. 4. Menntun, atvinnustaða og heilsufar í tengslum við tegund afbrota* ........ 71
*III. 5. Hjúskaparstaða og barneign í tengslum við tegund afbrota* ........ 72
*III. 6. Vímuefnaneysla í tengslum við tegund afbrota* ........ 72
*Samantekt* ........ 74
*Lokaorð* ........ 74
*Heimildir* ........ 75

**STATISTICAL INFORMATION FROM THE PRISON AND PROBATION ADMINISTRATION (PPA) REGARDING PRISON SENTENCES, FINES AND COMMUNITY SERVICE** ........ **77**

Table 1.1 PENALTIES IMPLEMENTED BY THE PRISON AND PROBATION ADMINISTRATION (PPA) IN 1999–2003 ........ 80
Table 1.2 PENALTIES RECEIVED BY THE PPA FOR ENFORCEMENT, RELATING TO PERSONS BETWEEN THE AGES OF 15 – 17 YEARS ........ 81
Table 2.1 CATEGORISATION OF PERSONS WHO HAVE BEEN SENTENCED UNCONDITIONALLY TO A PRISON TERM AT THE END OF EACH YEAR 1999–2003 ........ 82
Table 2.2 NUMBER OF PRISONERS SERVING PRISON TERMS INSTEAD OF FINES OR ARE IN REMAND CUSTODY AT THE END OF EACH YEAR 1999–2003 ........ 82
Table 3a) CLASSIFICATION OF PRISONERS WHO COMPLETED A

PRISON TERM OR WERE IN PRISON AT THE END OF EACH YEAR 1999–2003 ........ 83
Table 3b) CLASSIFICATION OF PERSONS WHO COMPLETED, FAILED OR WERE ENGAGED IN COMMUNITY SERVICE AS AN ALTERNATIVE TO IMPRISONMENT AT THE END OF EACH YEAR 1999–2003 ........ 83
Table 4a) PRISON POPULATION BY OFFENCE GROUP 1999–2003 ........ 84
Table 4b) CATEGORISATION OF OFFENCES AT THE END OF EACH YEAR 1999–2003 OF PERSONS WHO HAD COMPLETED, FAILED TO COMPLETE OR WERE SERVING COMMUNITY SERVICE AS AN ALTERNATIVE TO IMPRISONMENT ........ 84
Table 5 LENGTH OF PRISON TERMS RECEIVED FOR IMPLEMENTATION 1999–2003 ........ 85
Table 6a) NUMBER OF SENTENCED PERSONS GRANTED COMMUNITY SERVICE WITHIN EACH YEAR 1999–2003 ........ 85
Table 6b) CATEGORISATION BY GENDER OF SENTENCED PERSONS GRANTED COMMUNITY SERVICE WITHIN EACH YEAR 1999–2003 ... 86
Table 7 PRISONERS DISCHARGED FROM PRISON 1999–2003 ........ 87
Table 8 NUMBER OF DAYS SERVED DURING 1999–2003 – UTILISATION OF PRISON PLACES DURING 1999–2003 ........ 88
Table 10 RELEASES ON PROBATION 1999–2003 ........ 90
Table 11 CONDITIONALLY SUSPENDED SENTENCES RECEIVED BY THE PPA 1999–2003 BY TYPE OF OFFENCE ........ 91
Table 12 FINES IMPOSED BY JUDGEMENT RECEIVED BY THE PPA 1999–2003 BY TYPE OF OFFENCE ........ 91
Table 13 UNCONDITIONAL IMPRISONMENT RECEIVED BY THE PPA 1999–2003 BY TYPE OF OFFENCE ........ 92

## Formáli

Á haustmánuðum 1998 bauðst mér að taka við starfi forstjóra Fangelsismálastofnunar um eins árs skeið sem ég þáði. Í formála að ársskýrslu fyrir það ár gat ég þess að starfið hefði komið mér á óvart og að ekki hefði verið vanþörf á að koma ofan úr turni dómarans niður á torgið og skoða þær miklu breytingar sem orðið hefðu á undanförnum árum á fullnustu refsidóma og aðbúnaði fanga. Það má segja að jákvæð reynsla af Fangelsismálastofnun, svo og áhugi á málefninu hafi leitt til þess að ég ákvað að sækja um starf forstjóra og var ég skipaður í embættið 1. maí sl. Þar af leiðandi hef ég ekki komið að rekstri stofnunarinnar það ár sem skýrslan fjallar um.

Dómsmálaráðherra skipaði vinnuhóp árið 2001 til að gera heildarendurskoðun á lögum um fangelsi og fangavist nr. 48/1988. Á grundvelli þeirrar vinnu og athugunar dómsmálaráðuneytisins var frumvarp til laga um fullnustu refsinga lagt fyrir Alþingi sl. haust. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að meginmarkmið með þessari endurskoðun hafi verið að skipa í ein heildarlög fjölmörgum ákvæðum laga og reglugerða um fullnustu refsinga, sem kvæðu á um réttindi og skyldur dæmdra manna. Fjölmargar athugasemdir bárust Alþingi við frumvarpið sem hafa verið til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu og hjá Fangelsismálastofnun. Er búist við að þeirri athugun ljúki á haustmánuðum.

Fangelsi í landinu eru fimm talsins en í ársskýrslu þessari er venju samkvæmt gerð grein fyrir þeim og þeim sjónarmiðum sem ráða við vistun fanga þar. Alls er hér um að ræða 126 almenn pláss auk 11 fyrir einangrunarfanga. Hafa almenn pláss svo til verið fullskipuð á þessu ári. Utan fangelsa eru svo að jafnaði vistaðir um 20 fangar.

Stefnt hefur verið að því um áratuga skeið að byggja móttöku- og gæsluvarðhaldsfangelsi á höfuðborgarsvæðinu til að leysa af hólmi Hegningarhúsið við Skólavörðustíg sem móttökufangelsi og til að vista gæsluvarðhaldsfanga sem hafa verið vistaðir í Fangelsinu Litla-Hrauni en því fylgir mikið óhagræði. Í skýrslu Evrópunefndar (CPT-nefndin) um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu er m.a. vikið að þessum atriðum og gerðar kröfur um úrbætur.

Nú liggur fyrir kröfu- og þarfalýsing nýs fangelsis, nánar tiltekið á Hólmsheiði, með 48 fangaklefum ætluðum gæsluvarðhaldsföngum og föngum sem eru að hefja afplánun eða eru að afplána styttri refsingar. Miklar kröfur eru gerðar um öryggi í fangelsinu þrátt fyrir að þar sé hugsað í samræmi við nútímalegar stefnur í fangelsismálum einkum hvað varðar vinnuaðstöðu fanga, heilbrigðisþjónustu, íþróttaaðstöðu og aðrar tómstundir. Þegar þetta er ritað hefur engin ákvörðun verið tekin um byggingu fangelsis.

Í Evrópskum fangelsisreglum sem fjalla um almennar lágmarksreglur um meðferð fanga segir m.a. um tilgang þeirra: „... að viðhalda heilsu fanga og sjálfsvirðingu og, eftir því sem refsitími leyfir, að þróa með þeim ábyrgðartilfinningu og rækta þá afstöðu og hæfileika sem stuðla að því að þeir geti snúið aftur til þjóðfélagsins þannig að sem mestar líkur séu til að þeir hlíti lögum og geti séð sér farborða er þeir hafa öðlast frelsi að nýju.“.

Í daglegri umræðu um fangelsismál hér á landi hefur gjarnan verið spurt um stefnu í þessum málum, markmið með refsivistinni og látið að því liggja að lítið beri á sjónarmiðum um betrun og meðferð.

Á það má fallast að markmið með vistun fanga mætti koma skýrar fram í lögum nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist en þar er ekki vikið að þessum markmiðum beinum orðum. Þegar nánar er að gáð sést þó að mörg ákvæði laganna beinast að þessum atrið-

um, enda er í fangelsum landsins markvisst unnið að velferð fanga allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Þannig er læknis- og sálfræðiþjónusta fyrirferðarmikil, byggð hefur verið upp íþróttaaðstaða auk þess sem öflugt skólastarf er í gangi s.s. á Litla-Hrauni. Þá er mikil áhersla lögð á vinnu fanga sem jákvæðan þátt í meðferð á vistunartímanum. Ekki má heldur gleyma stofnunum eins og Vernd, Byrginu, SÁÁ og Hlaðgerðarkoti þar sem fangar eru vistaðir utan fangelsa með góðum árangri. Ljóst er þó að betur má ef duga skal til að undirbúa fanga undir að snúa aftur til þjóðfélagsins, fjölskyldna sinna og atvinnu eftir að fangavist lýkur. Á döfinni eru meðferðarnámskeið fyrir fanga í samráði við sálfræðinga stofnunarinnar. Þá er stefnt að því að auka útivist fanga á Litla-Hrauni og þar með möguleika þeirra til að stunda íþróttir. Verulegur halli hefur hins vegar verið á rekstri fangelsiskerfisins undanfarin ár og hefur verið unnið markvisst að hagræðingu í rekstrinum af þeim sökum. Sem dæmi má nefna að á Litla-Hrauni hefur verið fækkað um 8 störf við fangavörslu á síðustu árum. Hlýtur það að sníða stofnuninni þröngan stakk í þessum efnum.

Dómarar reyna eftir fremsta megni að gæta samræmis við ákvörðun refsinga miðað við eðli brota og aðstæður hvers ákærða fyrir sig. Þeir hugleiða hins vegar lítið hvað við tekur þegar málinu er lokið og dómþoli gengur út úr réttarsalnum enda bíður dómarans þá jafnan nýtt mál. Tíminn er afstæður og mislengi að líða eftir aðstæðum hvers og eins. Þeir sem til fangelsismála þekkja vita að tíminn líður hægt hjá föngum og aðstandendum þeirra.

Fangelsisyfirvöld eiga að marka stefnu um fangelsisrefsinguna og inntak hennar. Þar á að leggja höfuðáherslu á að gera refsivistina sem bærilegasta og notadrýgsta í heild fyrir fangann þannig að hún dragi úr líkum á að viðkomandi haldi áfram á sömu braut. Það hlýtur að vera heilladrýgst fyrir fanga og þjóðfélagið í heild. Þessi stefna á að koma fram með skýrum hætti í lögum og endurspeglast í fangelsum landsins, m.a. í byggingu nýs fangelsis.

Reykjavík, maí 2004
Valtýr Sigurðsson, forstjóri

## I. FJÁRHAGUR OG STARFSEMI FANGELSISKERFISINS

Í fjárlögum ársins 2003 var gert ráð fyrir því að heildarútgjöld fangelsiskerfisins til reksturs Fangelsismálastofnunar og fangelsanna svo og til annarra útgjalda vegna fullnustu dóma yrðu 665,6 m.kr. á móti 617,6 m.kr. á árinu 2002. Gert var ráð fyrir að aflað yrði sértekna að upphæð 62,6 m.kr. þannig að framlag til stofnunarinnar var skv. fjárlögum 603,0 m.kr. en árið 2002 var framlagið 555,8 m.kr. Taflan hér fyrir neðan sýnir mismun milli fjárlaga áranna 2002 og 2003 í m.kr.:

| | **2002** | **2003** | **Breyting** |
|---|---|---|---|
| Heildarútgjöld | 617,6 | 665,6 | 48,0 |
| Sértekjur: | -61,8 | -62,6 | -0,8 |
| **Framlag:** | **555,8** | **603,0** | **47,2** |

Skýringar hækkunar framlags í fjárlögum eru eftirfarandi: Gert var ráð fyrir 20,0 m.kr. hækkun vegna fjölgunar fanga og hækkunar rekstrarkostnaðar af þeim sökum. Tveggja m.kr. framlag var ætlað til þess að mæta auknum útgjöldum vegna hærri leigugreiðslna og aukins rekstrarkostnaðar í kjölfar stækkunar á húsnæði Fangelsismálastofnunar. Við þetta bættust hækkanir vegna launa- og verðlagsbreytinga.

Með fjáraukalögum var fjárheimild Fangelsismálastofnunar hækkuð um 20,0 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar. Þá fékk stofnunin 6,2 m.kr. framlag til brýnna utanhússviðgerða á Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og samtals 2,9 m.kr. með ýmsum smærri framlögum. Að teknu tilliti til rekstrarafgangs, 14,1 m.kr., frá árinu á undan voru nettó fjárheimildir 646,2 m.kr. Við bættust að sértekjur ársins voru 86,8 m.kr., sem er 24,2 m.kr. umfram það, sem gert var ráð fyrir í tekjuhlið fjárlaga. Ráðstöfunarfé Fangelsismálastofnunar á árinu 2003 varð því samtals 733,0 m.kr. Heildarútgjöld voru 715,3 m.kr. og afgangur af ráðstöfunarfé 17,7 m.kr. Til samanburðar var endanleg nettó fjárheimild stofnunarinnar á árinu 2002, 589,1 m.kr., sértekjur 66,7 m.kr. og heildarútgjöld 641,7 m.kr. og afgangur af ráðstöfunarfé því sem að ofan segir 14,1 m.kr. Tafla 2 sýnir mismun fjárheimilda, gjalda og tekna fyrir árin 2002 og 2003, svo og greiðslustöðu í árslok í m.kr.:

| | **2002** | **2003** | **Breyting** |
|---|---|---|---|
| Fjárheimildir, nettó: | 589,1 | 646,2 | 62,3 |
| Heildarútgjöld: | 641,7 | 715,3 | 73,6 |
| Sértekjur: | -66,7 | -86,8 | -20,1 |
| Greiðslustaða í árslok: | 575,0 | 628,5* | 53,5 |
| **Mismunur fjárheimilda og greiðslustöðu** | **14,1** | **17,7** | **3,6** |

*Staða skv. bókhaldskerfi ríkisins 24.06.2004

Eftir mikinn halla á árinu 2001 var á árinu 2002 gripið til þess ráðs að loka 22 fangarýmum á Litla-Hrauni í 5 mánuði, sparað var að öðru leyti í öllum rekstri og framkvæmdum frestað eins og hægt var. Niðursveiflan í sértekjum snérist við og jukust þær um rúmar 20,5 m.kr. milli ára. Með þessu og hinum auknu fjárveitingum náðist sem áður segir lítils háttar rekstrarafgangur á árinu 2002. Vegna mikils álags á fangelsiskerfið var ekki talið unnt að grípa til lokana á árinu 2003. Strangt aðhald var áfram í rekstrinum. Það ásamt auknum fjárheimildum og ekki síst sértekjum, sem enn hækkuðu, nú um 20,1 m.kr. milli ára, skiluðu stofnuninni 17,7 m.kr. afgangi í árslok 2003.

## I. 1 REKSTRARKOSTNAÐUR EINSTAKRA LIÐA, STARFSEMI OG STARFSMENN

Á árinu 2003 var kostnaðarskipting innan fangelsiskerfisins sem hér segir í m.kr.:

**Tafla 3**

| | Rekstrarkostnaður | Skipting % |
|---|---|---|
| Laun | 495,8* | 69,4% |
| Matur | 83,0 | 11,6% |
| Tölvur, sími o fl. | 28,7 | 4,0% |
| Húsnæði | 46,7 | 6,5% |
| Annar kostnaður | 61,1 | 8,5% |
| **Samtals:** | **715,3** | **100%** |

*Þar af fangalaun 26,1 m.kr.

Launakostnaður vegur sem fyrr langþyngst í rekstrarkostnaði fangelsiskerfisins eða rúm 69%. Matur fanga vegur tæp 12% þannig að þessir tveir liðir eru 81% útgjaldanna. Allir aðrir rekstrarliðir ná þannig samtals um 19% hlutdeild.

Neðangreindar töflur sýna rekstrarkostnað einstakra liða innan fangelsiskerfisins í m.kr., annars vegar árið 2003, hins vegar árið 2002 svo og breytingar milli ára. Tekið skal fram að 2003 tölur miðast við stöðu í Ríkisbókhaldi 26.06.2004, en þá er ekki endanlega búið að gera upp árið.

**Tafla 4.1**

**2003**

| Stofnun: | Rekstrarkostn. | Sértekjur | Gjöld umfram sért. |
|---|---|---|---|
| Fangelsismálastofnun, yfirstjórn | 90,3 | 0,0 | 90,3 |
| Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu | 159,0 | -4,8 | 154,2 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 366,5 | -75,2 | 291,3 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 64,1 | -6,8 | 57,3 |
| Fangelsið Akureyri | 23,0* | 0,0 | 23,0 |
| Ýmis fangamál (Vernd) | 8,3 | 0,0 | 8,3 |
| Fangavarðaskóli ríkisins | 4,1 | 0,0 | 4,1 |
| **Samtals:** | **715,2** | **-86,8** | **628,5** |

* Sjá athugasemdir í kafla 1.2., Fangelsið Akureyri

**Tafla 4.2**

**2002**

| Stofnun: | Rekstrarkostn. | Sértekjur | Gjöld umfram sért. |
|---|---|---|---|
| Fangelsismálastofnun, yfirstjórn | 81,6 | -0,5 | 81,1 |
| Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu | 150,3 | -3,4 | 146,9 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 314,2 | -55,2 | 258,9 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 55,0 | -7,5 | 47,5 |
| Fangelsið Akureyri | 27,0* | 0,0 | 27,0 |
| Ýmis fangamál (Vernd) | 6,9 | 0,0 | 6,9 |
| Fangavarðaskóli ríkisins | 6,7 | 0,0 | 6,7 |
| **Samtals:** | **641,7** | **-66,6** | **575,1** |

* Sjá athugasemdir í kafla 1.2., Fangelsið Akureyri

Neðangreind tafla sýnir breytingar í rekstrarkostnaði einstakra liða milli áranna 2002 og 2003 í m.kr. Mínus fyrir framan sértekjutölu táknar lækkun milli ára.

**Tafla 4.3**

**Breytingar milli ára**

| Stofnun: | Rekstrarkostn. | Sértekjur | Gjöld umfram sért. |
|---|---|---|---|
| Fangelsismálastofnun, yfirstjórn | 8,7 | -0,5 | 9,2 |
| Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu | 8,7 | 1,4 | 7,3 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 52,2 | 20,0 | 32,2 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 9,1 | -0,8 | 9,9 |
| Fangelsið Akureyri | -4,0* | 0,0 | -4,0 |
| Ýmis fangamál (Vernd) | 1,5 | 0,0 | 1,5 |
| Fangavarðaskóli ríkisins | -2,6 | 0,0 | -2,6 |
| **Samtals** | **73,6** | **20,2** | **53,4** |

* Sjá athugasemdir í kafla 1.2., Fangelsið Akureyri

***Yfirstjórn***

Heildarútgjöld yfirstjórnar jukust um 8,7 m.kr. milli áranna 2002 og 2003. Starfsmannafjöldi í árslok var óbreyttur milli ára eða 14 manns. Þrátt fyrir það varð veruleg hækkun á launaliðum umfram samningsbundnar hækkanir. Launakostnaður var allhár vegna starfsþjálfunar þar sem ráða þurfti nýjan starfsmann vegna fæðingarorlofs auk fjögurra vegna starfsmanna, er hættu á árinu, þrír til þess að fara í nám en sá fjórði af öðrum orsökum. Kostnaður yfirstjórnar vegna orlofs af launum í fæðingarorlofi nam 0,6 m.kr. á árinu þar sem Tryggingastofnun, launagreiðandinn, greiðir ekki orlofið, heldur er stofnunum gert að standa undir því. Föngum fjölgaði um rúm 12% frá fyrra ári og hafa ekki verið fleiri síðan á árinu 1996 og kallar þessi aukning á aukið almennt vinnuframlag. Yfirvinna hækkaði um 4,6 m.kr. eða 46%. Þyngst vegur þar aukið umfang samfélagsþjónustu. Þeim dómþolum er hana hófu fjölgaði um rúm 40%, annað árið í röð. Eft-

irlit sem henni fylgir kallar á mikla vinnu utan hefðbundins vinnutíma, svo og veruleg-ar akstursgreiðslur sem þrefölduðust milli ára. Rekstur tölvukerfanna hækkaði og milli ára umfram almennar verðlagsbreytingar, aðrir liðir voru innan hefðbundins ramma.




Pappírsflæði hjá Fangelsismálastofnun hefur aukist gífurlega á undanförnum árum. Þetta sést í fjölda móttekinna og sendra bréfa. Þau voru tæplega 6.000 árið 1995. Á ár-inu 2003 voru þau tæplega 31.000 62% fleiri en árið áður og fimmfalt fleiri en 1995. Helstu skýringar á aukningunni í gegnum árin eru fjölgun sekta og sú viðbót sem felst í árituðum sektarboðum og síðast en ekki síst áhrif upplýsinga- og stjórnsýslulaga, sem mikil skriffinnska fylgir. Í þetta fer sífellt meiri tími sem er á kostnað þjónustu við skjól-stæðinga stofnunarinnar vegna þess að fjármagn hefur ekki nema að litlu leyti fylgt aukn-um kröfum á þessu sviði.

## I. 2 FANGELSIN

Fimm fangelsi eru starfandi í landinu: Fangelsið Litla-Hrauni, Fangelsið Kópavogs-braut 17, Hegningarhúsið í Reykjavík, Fangelsið Kvíabryggju og Fangelsið Akureyri. Fangaklefar eru samtals 126 auk 11 einangrunarklefa. Á árinu 2003 voru fangar vistað-ir í fangelsunum í 42.222 daga. Utan fangelsanna voru vistunardagar 6.188, þar af um 3/4 á Vernd. Nýtingin á almennu fangaklefunum var 90,6% og hefur ekki verið hærri á viðmiðunartímanum. Að meðaltali voru 116 fangar í fangelsunum hvern dag á móti 103 árið áður. Ekki kom til neinna sumarlokana fangelsanna.

***Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu***

Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu eru tvö, Hegningarhúsið við Skólavörðustíg og Fang-elsið Kópavogsbraut 17. Þar starfa samtals 23 fastráðnir starfsmenn. Í Hegningarhús-inu störfuðu um áramót 10 fastráðnir fangaverðir auk starfsmanns í hlutastarfi við ræst-ingar. Í Fangelsinu Kópavogsbraut voru um áramót starfandi 9 fastráðnir fangaverðir auk starfsmanns í hlutastarfi við ræstingar. Á vegum fangelsa á höfuðborgarsvæðinu starfa tveir starfsmenn við fangaflutninga og á skrifstofu starfar einn skrifstofumaður auk for-stöðumanns, sem veitir báðum fangelsunum forstöðu.

Í Hegningarhúsinu eru 16 fangarými, þar af tvö fyrir fanga í einangrun. Fangadagar þar voru 4.410, sem er 8,8% fjölgun frá árinu áður.

Þetta fallega, friðaða hús, sem reist var fyrir 130 árum, er farið að láta verulega á sjá. Aukafjárveiting sem nam 6,2 m.kr. fékkst á árinu til brýnustu viðgerða. Var skipt um þakjárn á austur- og vesturálmu, hurðir á suðurhlið voru teknar í gegn svo og gluggar suðurhliðar að utan sem innan. Gera átti við múrvegg við vesturhlið hússins, sem reyndist svo morkinn er við var komið, að fjarlægja varð hann og steypa upp nýjan.

Í Fangelsinu Kópavogsbraut 17, sem í daglegu tali er gjarnan nefnt Kvennafangelsið, eru 12 fangarými á sumrin en 11 á veturna þegar eitt herbergi er notað sem skólastofa. Þar eru kvenfangar vistaðir, en konur voru á árinu 4,5% af heildarfangafjölda landsins. Jafnframt eru þar vistaðir karlar og voru þeir rúmlega helmingur fanganna. Fangelsisdagar voru á árinu 3.736, sem er 7,3% aukning frá árinu 2002. Föngum í Fangelsinu Kópavogsbraut gefst kostur á að stunda nám í fangelsinu á vegum Menntaskólans í Kópavogi. Koma kennarar þaðan í fangelsið og kenna að jafnaði tvo tíma í viku í hverri grein. Nemendur voru 4 á vorönn í 3 greinum en 5 á haustönn í 5 greinum. Í umsögn námsráðgjafa frá menntaskólanum er það sagt sammerkt með þeim nemendum, sem stundað hafa nám í fangelsinu, að þeir hafi sýnt því mikinn áhuga og hafi náð viðunandi árangri. Hafa nemendur frá fangelsinu haldið áfram námi í Menntaskólanum í Kópavogi eftir að fangavist þeirra er lokið. Þá má geta þess, að í fyrsta skipti var í fangelsinu boðið upp á listmeðferð (art therapy). Var það námskeið, sem miðaði að endurhæfingu og þjálfun með myndlistina að miðli.

Heildarútgjöld fangelsa á höfuðborgasvæðinu voru 159,0 m.kr. sem er 8,7 m.kr. eða 5,8% meira en árið áður. Ef framangreindur kostnaður vegna viðgerða á Hegningarhúsinu er tekinn frá var kostnaðarhækkun milli ára 2,2%. Þrátt fyrir 3,0% samningsbundna taxtahækkun frá áramótum óx launakostnaður einungis um 1,2% milli ára. Er ástæðan fyrst og fremst mun minni kostnaður vegna langtímaveikinda, en hann var mjög hár 2002.

Vinna er fyrst og fremst stunduð í Fangelsinu Kópavogsbraut og felst aðallega í ýmsum smáverkefnum fyrir fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er rekið þvottahús í fangelsinu. Sértekjur ársins 2003 námu um 4,8 m.kr.

***Fangelsið Litla-Hrauni***

Um áramót starfaði 51 fastráðinn starfsmaður við Fangelsið Litla-Hrauni. Á skrifstofu fangelsisins störfuðu auk forstöðumanns 4 deildarstjórar og 2 skrifstofumenn. Alls störfuðu 43 við fangavörslu og verkstjórn, þar af 4 við flutninga og umsjón með heimsóknum til fanga auk þess sem sálfræðingur starfar við fangelsið.

Starfsemi fangelsisins fer fram í 9 byggingum. Fangar eru vistaðir í þremur þeirra, og krefst sú dreifing mikils mannafla. Í hinum byggingunum eru verkstæði, skrifstofur fangelsisins og heimsóknar- og önnur þjónustuaðstaða.

Fangelsið Litla-Hrauni er langstærsta einingin í fangelsiskerfinu. Þar eru 77 almenn fangarými auk 9 einangrunarklefa. Voru fangadagar 27.289, sem er 17,8% aukning milli ára. Aðalskýringin á þessari miklu fjölgun er afleiðing af lokun 22 fangaplássa í 5 mánuði sem gripið var til á árinu 2002 í sparnaðarskyni. Nýtingin á almennu fangaklefunum var 95,3% á árinu. Fangelsið tekur til sín um helming þess fjármagns, sem til fangelsismála er veitt. Heildarútgjöld fangelsisins voru 366,5 m.kr. og hækkuðu milli áranna 2002 og 2003 um 52,2 m.kr. eða 16,6%.

Sértekjur, sem aflað er í Fangelsinu Litla-Hrauni námu á árinu 75,2 m.kr. Er það 20,0 m.kr. hækkun frá árinu 2002. Skýringin er fyrst og fremst aukin framleiðsla á bílnúmeraplötum, en framleiðsla þeirra og sala er sem fyrr uppistaðan í sértekjum fangelsiskerfisins, hvort heldur mælt er í krónum eða framlegð. Þótt þessara tekna sé aflað á Litla-Hrauni renna fjármunirnir ekki sjálfkrafa þangað; þeim er af fangelsisyfirvöldum veitt þangað sem þörf fangelsiskerfisins er metin brýnust á hverjum tíma. Er það raun-

ar nokkuð sérkennilegt fyrirkomulag að rekstrarstaða fangelsanna skuli svo háð bílainnflutningi landsmanna sem raun ber vitni. Önnur verkefni voru svipuð og undanfarin ár s.s. skrúfbútaframleiðsla, brettasmíði, gluggasmíði, steypuvinna og öskjugerð.

***Skólahald í Fangelsinu Litla-Hrauni***

Fjölbrautaskóli Suðurlands hafði að venju umsjón með skólahaldi fanga á Litla-Hrauni. Vorönn hófst 9. janúar.

Í upphafi skólastarfsins höfðu 27 nemendur innritast og fjórir til viðbótar innrituðust á önninni. Að vanda flosnuðu allmargir upp eða losnuðu úr fangelsinu á önninni án þess að þreyta próf. Alls þreyttu 11 nemendur samtals 52 próf upp á samtals 121 einingu.

Námsárangur telst hafa verið vel viðunandi ef á heildina er litið og mjög góður hjá nokkrum einstaklingum, ekki síst ef miðað er við aðstæður. 106 einingar náðust, tvær fóru í bið en 13 var ekki lokið.

Haustönn hófst 25. ágúst en þá höfðu 26 nemendur innritað sig til náms. Næstu vikur á eftir bættust nöfn sjö einstaklinga á innritunarlistann. Eins og jafnan átti nemendum eftir að fækka og í 7. viku var tala skráðra nemenda komin niður í 17. Á önninni þreyttu 15 nemendur alls 43 próf upp á samtals 95 einingar.

Kennslugreinar á vorönn voru 15 en 17 á haustönn. Fastir kennarar á hvorri önn voru 9 að kennslustjóra meðtöldum og luku 4 nemendur 3 áföngum í fjarnámi á vorönn. Einn nemandi hafði vistaskipti á haustönn. Hann var fluttur í Fangelsið Akureyri síðari hluta annarinnar en lauk þó 6 einingum í fjarnámi. Í fyrsta sinn í sögu skólans var á haustönn kenndur áfangi sem nefnist lífsleikni og voru nemendur almennt ánægðir með hann. Sex nemendur luku áfanganum, sem er skylduáfangi á mörgum brautum fjölbrautanáms. Einn nemandi lauk almennu verslunarprófi af viðskiptabraut. Enginn nemandi sótti nám á Selfossi á vorönn en tveir nemendur sóttu þar nám á haustönn í 2 klst. á viku.

Fangar fá greidd laun fyrir að stunda nám í fangelsi. Er tilgangurinn að hvetja þá til þess að velja þann kost og nýta sér með því vistina til þekkingaröflunar og endurhæfingar.

***Fangelsið Kvíabryggju***

Um áramót voru 8 starfsmenn við Fangelsið Kvíabryggju. Það voru auk forstöðumanns 5 fangaverðir og 2 starfsmenn í eldhúsi.

Á Kvíabryggju eru 14 fangarými. Fangadagar voru 4.548, sem er 1,1% fjölgun frá árinu áður.

Heildarútgjöld fangelsisins voru 64,1 m.kr., sem er 16,5% hækkun frá fyrra ári. Verulegar framkvæmdir voru við fangelsið á árinu. Reistur var frystiklefi sem nauðsynlegur er fyrir hráefni vegna beitningarinnar. Steypt voru plön kringum vinnuskála og suður með fangelsinu og umhverfi næst fangelsinu snyrt. Var tilgangurinn tvíþættur. Annars vegar voru þarna framkvæmdir sem lengi hafði verið þörf á og kallað eftir, hins vegar var verið að skapa föngum vinnu sem ella hefði verið lítil sem engin yfir sumarið.

Vinna á Kvíabryggju hefur aðallega falist í beitningu, neta- og fiskikaraviðgerðum og brettasmíði auk tilfallandi starfa á jörðinni sjálfri og við viðhald húseigna. Vinna hefur dregist saman undanfarin ár. Kvótaleysi báta á svæðinu olli því að beitning féll algerlega niður frá júní fram í miðjan september sem er mun lengra tímabil en árið áður og netavinna, sem jafnan hefur verið drjúg, var engin á árinu. Sértekjur fangelsins 2003 voru 6,8 m.kr., sem er 27% samdráttur á aðeins tveggja ára tímabili.

***Fangelsið Akureyri***

Fangelsið Akureyri er starfrækt í húsnæði lögreglunnar á Akureyri og hefur svo verið frá því 1978. Fjórir fangaverðir eru starfandi við fangelsið, en aðstoðaryfirlögregluþjónn hefur haft umsjón með daglegum rekstri. Þar eru 8 fangaklefar. Fangadagar á árinu 2003 voru 2.239 sem er 7,7% fækkun frá fyrra ári.

Bókhaldskerfi ríkisins sýnir rekstrarkostnað ársins 2003 sem 23,0 m.kr. og 27,0 m.kr. 2002. Í raun var hann 25,6 m.kr. 2003 og 25,5 m.kr. 2002. Mismunurinn liggur í því að á árinu 2003 voru bakfærðar 2,6 m.kr. sem ofskráðar höfðu verið á launaliði fangelsisins 2001 um 1,1 m.kr. og um 1,5 m.kr. á árinu 2002. Er raunrekstrarkostnaður þá svipaður í krónutölu 2002 og 2003.

Vinna fanga er takmörkuð. Hún felst sem fyrr helst í því að sjá um þrif, alla þvotta og að sinna léttu viðhaldi þegar það fellur til.

## I. 3 FANGAVARÐASKÓLI RÍKISINS

Grunnnámskeið samkvæmt reglugerð um menntun fangavarða var haldið á haustönn 2003 á vegum Fangavarðaskóla ríkisins. Stóð það yfir frá 29. september til 19. desember eða í 12 vikur samtals. Alls voru sjö nemendur í fullu námi á önninni. Þrír þeirra komu frá Fangelsinu Litla-Hrauni, tveir frá fangelsunum á höfuðborgarsvæðinu, einn frá Fangelsinu Akureyri og einn var á vegum Fangelsisins Kvíabryggju. Auk þess var starfsmaður Verndar í námi í tveimur fögum.

Eins og undanfarin ár fór starfsemi skólans að mestu leyti fram í Lögregluskóla ríkisins að Krókhálsi. Samtals voru kennslustundir 365 og skiptust þær aðallega niður á 12 greinar sem báru mismikið vægi, allt frá 8 upp í 50 kennslustundir. Frá mánudegi til fimmtudags voru hefðbundnar greinar kenndar, en á föstudögum voru styttri námskeið kennd, gestafyrirlesarar fengnir og farið í vettvangsferðir. Alls komu 13 kennarar eða leiðbeinendur að kennslunni og var námsárangur nemenda nokkuð góður með meðaleinkunn upp á 7,84. Tveir nemendur fengu ágætiseinkunn og enginn hlaut falleinkunn í neinu fagi.

# II. ÝMSAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

## II. 1 LEYFI ÚR FANGELSI

Á árinu 2003 var 23 föngum veitt samtals 77 dagsleyfi án fylgdar og hafði þeim fækkað verulega frá árinu á undan. Ástæðan er fækkun langtímafanga í fangelsunum. Leyfi þessi eru 14 klst. frá kl. 08.00-22.00 og eru háð ströngum skilyrðum. Dagsleyfin eru eitt af þeim úrræðum sem fangelsisyfirvöld nota til þess að búa langtímafanga undir komu út í hið frjálsa samfélag á ný.

Þá fá fangar í vissum tilvikum leyfi í fylgd fangavarða þegar um er að ræða veikindi í fjölskyldu þeirra, fermingu eða skírn barna þeirra eða þegar aðrar mjög sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Samkvæmt reglugerð um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis nr. 719/1995 er heimilt að veita fanga dagsleyfi án fylgdar þegar hann hefur afplánað 1/3 hluta dæmds refsitíma, þó ekki eftir skemmri tíma en eitt ár. Fangar sem afplána styttri refsingar fá því engin dagsleyfi. Hegðun fanga verður að hafa verið góð í fangelsinu til þess að slíkt leyfi sé veitt. Fangar sem uppfylla skilyrði fá dagsleyfi á tveggja mánaða fresti fyrsta árið sem leyfi er veitt en einu sinni í mánuði eftir það.

Lítið hefur verið um að fangar misnoti leyfi þessi enda falla þau þá niður í 6–12 mánuði. Einn fangi skilaði sér ekki til baka úr dagsleyfi á árinu.

## II. 2 ÁFENGIS- OG FÍKNIEFNAMEÐFERÐ Í AFPLÁNUN

Á árinu 2003 var 15 föngum gefinn kostur á að ljúka afplánun í meðferð. Þar af voru 6 fangar vistaðir í Hlaðgerðarkoti, 7 fangar hjá SÁÁ og 2 hjá Byrginu. Slík meðferð er yfirleitt miðuð við sex vikur, en einstaka fangi var þó mun lengri tíma í meðferð, einkum í Byrginu. Níu þessara fanga luku meðferð að fullu en sex voru vistaðir aftur í fangelsi. Fimm rufu skilyrði fyrir vistuninni en einn óskaði eftir því að verða vistaður í fangelsi á ný. Eins og súluritið hér að neðan sýnir hefur 282 föngum verið veitt heimild til að ljúka afplánun í áfengismeðferð frá árinu 1990 og hafa 203 þeirra lokið meðferð eða 72% en 79 eða 28% verið vistaðir aftur í fangelsi. Súluritið hér að aftan sýnir þessa þróun frá 1990.

Þá er rétt að geta þess að menn frá AA-samtökunum hafa um margra ára skeið haldið reglulega fundi með föngum sem þess óska í öllum fangelsunum. Auk þess starfa tveir sálfræðingar hjá Fangelsismálastofnun sem láta þennan málaflokk mjög til sín taka.

**Fjöldi fanga vistaður í áfengis- og fíkniefnameðferð í afplánun árin 1990–2003**




## II. 3 STROK OG STROKTILRAUNIR ÚR FANGELSI

Á seinni árum hefur verið lítið um strok úr fangelsum eða tilraunir til slíks. Hvorki strok né tilraun til þess er skráð á árinu 2003.

Strok og stroktilraunir úr fangelsum árin 1986–2003




# III. FULLNUSTA REFSIDÓMA

## III. 1 AFPLÁNUN HJÁ FÉLAGASAMTÖKUNUM VERND

Á árinu voru 68 fangar vistaðir á Áfangaheimili Verndar í Reykjavík síðustu mánuði afplánunartímans og stunduðu þeir þaðan flestir vinnu en nokkrir voru í fullu námi eða meðferð. Samstarf Verndar og Fangelsismálastofnunar á þessu sviði hófst árið 1995 og aldrei hafa fleiri fangar verið vistaðir hjá Vernd en á árinu 2003. Að meðaltali voru þar vistaðir 12,7 fangar á degi hverjum og var Vernd næst stærsti afplánunarstaður landsins á árinu. Einungis fleiri fangadagar voru afplánaðir á Litla-Hrauni.

Með vistun á Vernd er dómþolum gefinn kostur á að ljúka afplánun utan fangelsis og aðlagast þannig þjóðfélaginu smám saman. Þessir einstaklingar greiða sjálfir fyrir fæði og húsnæði til Verndar, enda eru þeir flestir í fullri vinnu eins og áður er getið. Ströng skilyrði eru sett fyrir slíkri vistun og er þeim fylgt vel eftir.

Sex fangar voru fluttir aftur í fangelsi vegna skilorðsrofa en 62 stóðust öll sett skilyrði fyrir dvölinni.

Samtals hefur 414 föngum verið gefinn kostur á vistun hjá Vernd frá árinu 1995 og hafa 356 þeirra, eða 86% staðist sett skilyrði en 58, eða 14% rofið skilyrði og verið fluttir aftur í fangelsi.

Súluritið sýnir þróunina frá árinu 1995.

**Vistun hjá Félagasamtökunum Vernd árin 1995–2003**




## III. 2 SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA

Á árinu 2003 fjölgaði umsóknum um samfélagsþjónustu í stað vararefsinga, en umsóknum um samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga fækkaði nokkuð. Alls bárust 374 umsóknir um samfélagsþjónustu í stað vararefsingar, þar af 8 endurupptökubeiðnir og 118 umsóknir um samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar, þar af 3 beiðnir um endurupptöku. Fjöldi umsókna var því 492 umsóknir á árinu 2003 samanborið við 343 á árinu á undan. Eins og kemur fram í töflu 5 hér að aftan fjölgaði óskilorðsbundnum refsingum sem uppfylla skilyrði fyrir samfélagsþjónustu (allt að 6 mánuðum) um 18% milli áranna 2002 og 2003 en umsóknum um samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga fækkaði hins vegar eins og súlurit 1 sýnir. Þegar tekið er mið af hlutfalli umsókna í samanburði við fjölda óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga, allt að 6 mánuðum, sem bárust á árinu fækkaði umsóknum talsvert. Á árinu 2002 sóttu 42% þessara dómþola um samfélagsþjónustu en aðeins 32% á árinu 2003.

**Súlurit 1**
**Fjöldi umsókna um samfélagsþjónustu árin 1995–2003**



Súlurit 2a sýnir hvernig umsóknir um samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar, samtals 885, voru afgreiddar á árunum 1995-2003. Frá upphafi hefur 601 umsókn verið samþykkt eða 68%, 253 umsóknum hefur verið synjað eða um 29% og 32 umsóknir eða um 3% dregnar til baka. Þetta hlutfall hefur nánast staðið í stað frá upphafi. Ekki hefur verið gerð sérstök athugun á því hvers vegna dómþolar draga umsókn sína til baka og ákveða að eigin ósk að afplána refsinguna í fangelsi áður en stofnunin hefur tekið ákvörðun í máli þeirra.

**Súlurit 2a**
**Afgreiðslur umsókna um samfélagsþjónustu í stað óskb. fangelsisrefsingar árin 1995–2003**




Súlurit 2b sýnir nánar hvernig umsóknir um samfélagsþjónustu í stað vararefsinga hafa verið afgreiddar. Samtals hafa 849 umsóknir um samfélagsþjónustu í stað vararefsinga borist Fangelsismálastofnun frá árinu 2000 þegar lagaheimildin tók gildi og til loka ársins 2003. Af þessum umsóknum hafa verið samþykktar 495 umsóknir eða rúmlega 58%, 255 umsóknum verið synjað eða um 30% og 94 umsóknir eða 11% dregnar til baka af umsækjendum. Ástæðan fyrir því að umsækjendur draga til baka umsókn sína er í flestum tilvikum vegna þess að þeir greiða sektina/sektirnar. Eins og sést á súluritinu virðist í fyrstu sem fleiri umsækjendum hafi verið heimiluð samfélagsþjónusta á milli ára. Sé hins vegar tekið mið af hlutfalli veittrar samfélagsþjónustu, þá var hlutfallslega færri heimiluð samfélagsþjónusta á árinu 2003. Á árinu 2002 var 64% heimiluð samfélagsþjónusta á móti 56% á árinu 2003. Vakin er athygli á því að inn í síðari prósentutölunni afturkölluðu 15 einstaklingar eða 4% umsókn sína um samfélagsþjónustu eftir að búið var að veita þeim heimild til að gegna henni og teljast þær umsóknir með afturköllununum. Þá kemur fram í súluritinu að 5 umsóknir séu til afgreiðslu, sem þýðir að þegar þetta er ritað hefur ekki enn tekist að afgreiða allar umsóknir frá árinu 2003. Staðreyndin er hins vegar sú að fjöldi óafgreiddra umsókna um áramótin var vegna vararefsinga tæplega 100 og rúmlega 10 vegna óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar. Ástæðan fyrir þessum fjölda óafgreiddra umsókna liggur í síauknum fjölda umsókna um samfélagsþjónustu í stað vararefsinga. Er svo komið að stofnunin getur ekki lengur með neinu móti sinnt afgreiðslu umsókna á eins skilvirkan hátt og æskilegt væri. Biðin á afgreiðslu umsókna vegna vararefsinga er nú 4-5 mánuðir frá því að umsókn berst stofnuninni sem er ekki ásættanlegt.

## Súlurit 2b
## Afgreiðslur umsókna um samfélagsþjónustu í stað vararefsingar árin 2000–2003




Af súluritum 3a og 3b má sjá ástæður fyrir því að umsóknum um samfélagsþjónustu er hafnað. Vakin skal athygli á því að í sumum tilvikum er umsækjendum synjað af fleiri en einni ástæðu. Ástæður synjana vegna óskilorðsbundinna refsinga eru mjög svipaðar og á árinu 2002 en fjölgað hefur synjunum vararefsinga vegna óafgreiddra mála í refsivörslukerfinu.

## Súlurit 3a
## Ástæður synjana á umsóknum um samfélagsþjónustu í stað óskb. fangelsisrefsingar árin 1995–2003



## Súlurit 3b
## Ástæður synjana á umsóknum um samfélags-þjónustu í stað vararefsinga árin 2000 og 2003




Súlurit 4 sýnir fjölda þeirra sem hefja samfélagsþjónustu innan hvers árs án tillits til þess hvenær sótt er um samfélagsþjónustu. Alls hafa 1.027 einstaklingar hafið samfélags-þjónustu frá upphafi, þar af 591 í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar.

## Súlurit 4
## Fjöldi þeirra sem hefja samfélagsþjónustu innan hvers árs 1995–2003



Af súluriti 5a og 5b sést hve margir standast skilyrði samfélagsþjónustu og hve margir rjúfa samfélagsþjónustu. Línuritin sýna síðan hve margir hlutfallslega rjúfa skilyrði samfélagsþjónustu og afplána eftirstöðvar refsinga í fangelsi innan hvers árs á móti þeim sem ljúka samfélagsþjónustu. Þegar skoðað er hlutfallið milli ára virðast fleiri rjúfi samfélagsþjónustu á ákveðnum árum eins og t.a.m. á árinu 2002 þar sem hlutfallið er 20% í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar og 25% í stað vararefsinga. Það sem skekkir hins vegar myndina er að á þessu ári hófu hlutfallslega mjög margir samfélagsþjónustu seint á árinu og því luku henni fáir á þessu sama ári. Að jafnaði rjúfa 13% samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga og um 18% í stað vararefsinga sem teljast verður viðunandi árangur. Þá greiða að jafnaði um 68% þeirra sem rjúfa samfélagsþjónustu í stað vararefsinga sektir sínar í stað þess að afplána eftirstöðvarnar í fangelsi.

**Súlurit 5a**
**Fjöldi þeirra sem stóðst/rauf skilyrði samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar við lok samfélagsþjónustu innan hvers árs**






**Súlurit 5b**
**Fjöldi þeirra sem stóðst/rauf skilyrði samfélagsþjónustu í stað vararefsingar við lok samfélagsþjónustu innan hvers árs**







Á súluriti 6 sést fjöldi fangelsisdaga sem afplánaðir eru með samfélagsþjónustu. Frá byrjun hafa rúm 80 fangelsisár verið afplánuð með samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga. Þá hafa rúm 44 fangelsisár verið afplánuð með samfélagsþjónustu í stað vararefsingar. Erfitt er að segja til um hversu margir myndu í raun greiða sekt sína í stað þess að afplána vararefsinguna í fangelsi hefði þeim ekki verið heimilað samfélagsþjónusta.

**Súlurit 6**
**Fjöldi fangelsisdaga sem afplánaðir**
**eru með samfélagsþjónustu innan hvers árs árin 1995–2003**




## III. 3 TÖLULEGT YFIRLIT UM DÓMA OG ÞRÓUN DÓMAFULLNUSTU

Á árinu 2003 barst Fangelsismálastofnun til fullnustu og vistunar 1.771 dómur. Frá ríkissaksóknara bárust 1.699 dómar og 66 frá Hæstarétti Íslands. Þá sendi dóms- og kirkjumálaráðuneytið 6 norræna refsivistardóma til fullnustu. Þá bárust stofnuninni 616 viðurlagaákvarðanir og 6.681 áritað sektarboð.

Tafla 1.1. sýnir að í heild hefur refsingum fjölgað frá ári til árs og hafa á viðmiðunartímabilinu ekki verið fleiri en á árinu 2003. Fjölgun hefur orðið í öllum tegundum dæmdra refsinga. Af töflunni má lesa að dómum þar sem óskilorðsbundin refsivist er dæmd hefur fjölgað um 56 frá árinu 2002 en það er um 18% aukning. Skilorðsbundnum refsingum hefur fjölgað um 87 sem er sama hlutfall. Heildarrefsitími óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga hækkaði um 36 ár frá árinu 2002 eins og sést á töflu 5. Sjá má þróunina á súluriti á bls. 29.

**Fjöldi dómþola eftir tegundum refsinga sem bárust til fullnustu árin 1989–2003**




**Innkomin árituð sektarboð til fullnustu árin 1998–2003**




Á árinu bárust 24 refsingar þar sem frestun á fullnustu refsingar er bundin sérstökum skilyrðum skv. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í lok ársins 2003 voru 32 dómþolar með sérskilyrði undir eftirliti Fangelsismálastofnunar, heldur fleiri en í lok árs 2002, en þá voru þeir 26 talsins.

Tafla 1.2 sýnir að dómum sem stofnuninni bárust á árinu 2003 þar sem ungmenni á aldrinum 15-17 ára hafa verið dæmd til refsinga, hefur fækkað frá árinu áður. Tveir dómar bárust þar sem ungmenni á þessum aldri voru dæmdir í óskilorðsbundna refsivist.

**Fjöldi dómþola í boðun í lok hvers árs, árin 1989–2003**




Töflur 2.1 og 2.2. sýna að undanfarin ár hafa 80-100 fangar verið í afplánun í lok hvers árs. Hins vegar voru 120 fangar í afplánun í lok árs 2003. Í árslok 2003 voru samtals 65 dómþolar að afplána refsingu með samfélagsþjónustu, heldur færri en árið á undan. Svipaður fjöldi dómþola er með reynslulausn í árslok síðustu tveggja ára.

Færri sættu gæsluvarðhaldi í lok árs 2003 heldur en árið á undan. Súluritið hér fyrir neðan sýnir fjölda gæsluvarðhaldsúrskurða frá 1996–2003 og eins og sjá má fækkar úrskurðum verulega á árinu 2003. Þess skal getið að framhaldsúrskurðir eru ekki taldir með. Þá getur að líta súlurit yfir fjölda manna og meðaltalsfjölda daga sem þeir voru úrskurðaðir í einrúm samkvæmt úrskurðum þessum.

**Fjöldi gæsluvarðhaldsúrskurða árin 1996–2003**



**Heildarfjöldi manna úrskurðaðir í einangrun og meðaltalsfjöldi daga í einrúmi árin 1999–2003**




Tafla 3a sýnir m.a. að einungis einn fangi á aldrinum 16-17 ára lauk afplánun eða var í afplánun um síðustu áramót. Athyglisvert er að mesta breytingin er í aldurshópnum yfir 50 ára, en þar hefur fangafjöldinn hlutfallslega nær tvöfaldast á milli áranna 2002 og 2003.

Tafla 3b sýnir að heildarfjöldi þeirra sem luku, rufu eða voru í samfélagsþjónustu um hver áramót í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar var svipaður á árunum 2000-2002 en um 18% aukning var á milli áranna 2002 og 2003. Aldursskipting þeirra hefur þróast á svipaðan hátt og í þeim hópi sem afplánar refsingu í fangelsi, þ.e.a.s. fjölgunin er í eldri aldurshópunum.

Tafla 4a sýnir fjölda fanga, eftir afbrotum, sem luku afplánun á árunum 1999-2003 eða voru í afplánun um hver áramót. Rétt er að geta þess hér að ef fangi afplánar refsingu fyrir mörg mismunandi afbrot þá er hann í slíkri niðurröðun flokkaður eftir því broti sem þyngsta refsingin liggur við samkvæmt lögum.

Helsta breytingin á milli áranna 2002 og 2003 er sú að föngum sem afplána refsingu fyrir kynferðisbrot og ofbeldisbrot fjölgar mikið. Ef lengra tímabil er skoðað má þó sjá í ársskýrslu Fangelsismálastofnunar fyrir árið 1998 að hlutfallslega fleiri voru í afplánun fyrir slík brot á því ári. Fangar sem afplána fyrir fíkniefnabrot eru fjölmennasti hópur fanga og hefur verið svo síðustu tvö árin. Á síðustu þremur árum hefur þessi hópur verið á bilinu um og yfir 30% af heildarfjölda fanga. Geta má þess að árið 1996 (sjá ársskýrslu Fangelsismálastofnunar fyrir árið 1996) var fjöldi þeirra síðastnefndu um 13% af heildinni.

Tafla 4b sýnir afbrot þeirra sem luku eða voru í samfélagsþjónustu um hver áramót í stað þess að afplána refsingu í fangelsi. Eins og sjá má af töflunni er í langflestum tilvikum um að ræða refsingu fyrir umferðarlagabrot og því næst auðgunarbrot. Hér ber að hafa í huga með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 að einungis er unnt að fullnusta refsingu með samfélagsþjónustu ef dæmd refsing er allt að 6 mánuðum.

Útlendingum í afplánun hér á landi fjölgar stöðugt hin síðari ár og hér að neðan getur að líta fjölda og tilefni fangavistar þeirra.

## Fjöldi útlendinga sem luku afplánun eða voru í afplánun um áramótin árin 1996–2003




## Tilefni fangavistar útlendinga sem luku afplánun eða voru í afplánun um áramótin árin 1996–2003



## Fjöldi óskilorðsbundinna refsinga sem barst til fullnustu árin 1989–2003




## Heildarrefsitími óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga (í árum talið) sem barst til fullnustu árin 1989–2003



Af töflu 5 má sjá að óskilorðsbundnum refsingum hefur fjölgað milli ára svo sem áður hefur komið fram. Þá var heildarrefsitími sem barst til fullnustu á árinu 2003 rúm 215 ár og hækkaði um 36 ár frá árinu á undan eins og áður er getið. Súluritin hér að framan sýna þróunina allt frá 1989. Á árinu 2003 bárust Fangelsismálastofnun einungis sjö dómar þar sem dæmd refsing var yfir þrjú ár.

Tafla 6a sýnir fjölda dómþola sem hófu afplánun með samfélagsþjónustu á árunum 1999-2003. Fjöldi þeirra sem hóf afplánun með samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar hefur nánast verið sá sami síðastliðin fjögur ár en mikil aukning hefur orðið á samfélagsþjónustu í stað vararefsinga fésekta. Meðaltalsdagafjöldi refsinga að baki samfélagsþjónustu sem hafin er á þessu árabili hefur verið um 60 dagar en nokkuð lægri þegar um er að ræða vararefsingar fésekta.

Í töflu 6b er sýnd kynjaskipting dómþola sem hefja samfélagsþjónustu og eru konur þar í miklum minnihluta eða um 3-13% þegar um er að ræða samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar, en hluti kvenna í fangahópnum hefur verið á bilinu 4-10% eins og sjá má af töflu 7d. Hins vegar er hlutfall kvenna sem hefja samfélagsþjónustu í stað vararefsingar mun hærra eða um 13-18%.

**Fjöldi fanga sem lauk afplánun árin 1989–2003**




Töflur 7a-d sýna eingöngu þá fanga sem lokið hafa afplánun óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar á hverju ári. Sjá má þróunina á þessu sviði á súluritinu hér á undan. Mikill meirihluti fanga afplánar skemur en eitt ár og hlufall kvenna í fangahópnum er einungis rúm 5%. Af töflunni má einnig sjá að tæplega 60% þeirra sem ljúka afplánun á árinu 2003 hafa ekki afplánað slíka refsingu áður. Miðað við þessar tölur virðist endurkomum í fangelsi fara fækkandi. Misjafnt er hvernig endurkomutíðni er skilgreind og í sumum löndum er hún skilgreind með þeim hætti að reiknað er út hlutfall þeirra fanga sem áður hafa afplánað refsingu í fangelsi eins og gert er í töflu 7b. Annars staðar er endurkomu- eða ítrekunartíðni reiknað hlutfall þeirra sem dæmdir eru að nýju í fangelsisrefsingu innan ákveðins skilgreinds tíma eftir að hafa lokið afplánun eða verið dæmdir skilorðsbundið. Hér að neðan getur að líta annars vegar súlurit og hins vegar línurit

sem sýnir hlutfall þeirra sem dæmdir eru í óskilorðsbundna eða skilorðsbundna fangelsisrefsingu innan 2ja ára frá lokinni afplánun, lokinni samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar, uppkvaðningu skilorðsbundins dóms eða upphafi skilorðsbundinnar ákærufrestunar. Samkvæmt tölum danskra fangelsisyfirvalda er endurkomuhlutfall svipað (sbr. Kriminalforsorgen, Statistik 2003). Vakin er athygli á því að tölur síðustu ára breytast þar sem viðmiðunartíminn er ekki liðinn.

**Hlutfall þeirra sem dæmdir eru að nýju í óskb. eða skb. fangelsisrefsingu innan 2ja ára frá lokadegi afplánunar, lokadegi samfélagsþjónustu í stað óskb. fangelsisrefsingar, dags. skb. dóms eða upphafi skilorðsbundinnar ákærufrestunar á árunum 1995 (1997) – 2003**






**Samtals hlutfall þeirra sem dæmdir eru að nýju í óskb. eða skb. fangelsisrefsingu innan 2ja ára frá lokadegi afplánunar, lokadegi samfélagsþjónustu í stað óskb. fangelsisrefsingar, dags. skb. dóms eða upphafi skilorðsbundinnar ákærufrestunar árin 1995 (lok afpl. vararefs. 1997) – 2000**




Töflur 8a-e sýna heildarafplánun á landinu bæði í fangelsum og utan þeirra. Eins og sjá má af töflu 8a hækkar fjöldi afplánunardaga verulega í Fangelsinu Litla-Hrauni og Hegningarhúsinu frá árinu á undan. Fækkun á Akureyri á m.a. rætur að rekja til framkvæmda sem staðið hafa yfir á lögreglustöðinni. Afplánaður dagafjöldi á áfangaheimili Verndar eykst einnig verulega. Og á árinu 2003 var einungis Litla-Hraun með fleiri afplánunardaga en Vernd. Þar afplánuðu að meðaltali 12.7 fangar á árinu. Heildarfangafjöldinn í fangelsum landsins var tæpir 40 fangar á hverja 100.000 íbúa og er það nokk-

**Meðaltalsfjöldi allra afplánunarfanga á dag árin 1989–2003**



ur fjölgun frá árinu á undan. Til samanburðar má geta þess að fangafjöldi á hinum Norðurlöndunum er mun hærri eða um 60-70 fangar á hverja 100.000 íbúa. Tafla 8b sýnir fækkun gæsluvarðhaldsdaga milli ára. Tafla 8c sýnir fjölgun vararefsingarfanga.

Hér fyrir neðan má sjá heildarfjölda einangrunardaga ásamt meðaltalsfjölda gæsluvarðhaldsfanga í einangrun. Þegar neðangreindar tölur eru bornar saman við heildarfjöldann í töflu 8b sést að hlutfall gæsluvarðhaldsfanga í einangrun er mjög mismunandi eða 44% á árinu 1999, 27% á árinu 2000, 17% á árinu 2001, 35% á árinu 2002 og lækkar í 16% á árinu 2003.

| | *1999* | *2000* | *2001* | *2002* | *2003* |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildardagafjöldi í einangrun | 1591 | 2019 | 1124 | 2211 | 645 |

| | *1999* | *2000* | *2001* | *2002* | *2003* |
|---|---|---|---|---|---|
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga í einangrun á dag í öllum fangelsum . . . . . . . . . . | 4,4 | 5,1 | 2,5 | 5,1 | 1,8 |
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga í einangrun á dag í öllum fangelsum á hverja 100.000 íbúa . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1,6 | 1,8 | 0,9 | 1,8 | 0,6 |
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga í einangrun á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum á dag . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 0,0 | 0,0 | 0,6 | 1,0 | 0,0 |
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga í einangrun samtals á dag . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 4,4 | 5,5 | 3,1 | 6,1 | 1,8 |
| Meðaltalsfjöldi allra gæsluvarðhaldsfanga í einangrun á dag á hverja 100.000 íbúa . . . . . . . . | 1,6 | 2,0 | 1,1 | 2,1 | 0,6 |

Súluritin á næstu síðu sýna fjölda innkoma alls í afplánun, vararefsingu og gæsluvarðhald 1995–2003. Eins og fram kom hér að framan hefur útlendingum fjölgað mikið hin síðari ár og hér má sjá fjölda þeirra sem koma til afplánunar og í gæsluvarðhald. Ennfremur eru upplýsingar um fjölda þeirra sem hefja vararefsingu að lokinni afplánun og fjölda þeirra sem hefja afplánun í beinu framhaldi af gæsluvarðhaldsvist. Þá getur að líta fjölda þeirra sem hefja samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar og vararefsingar, sbr. töflu 6.

## Fjöldi innkoma alls í fangelsi ríkisins árin 1995–2003




## Fjöldi innkoma útlendinga í fangelsi ríkisins árin 1995–2003




## Fjöldi þeirra sem hefja vararefsingu að lokinni afplánun og fjöldi þeirra sem hefja afplánun þegar að lokinni gæsluvarðhaldsvist 1996–2003



## Fjöldi þeirra sem hefja samfélagsþjónustu innan hvers árs 1995–2003




Tafla 9 sýnir niðurfallna refsivist árin 1999–2003. Refsing telst ekki niður fallin fyrr en skilorðstíminn er liðinn eða óafplánaðar eftirstöðvar dæmdar upp. Þannig geta tölur samkvæmt töflu þessari tekið breytingum.

Tafla 10 sýnir að heldur fleiri reynslulausnir voru veittar á árinu 2003 en næstu árin þar á undan. Svo sem sjá má á töflunni sem birt er hér að neðan og sýnir fjölda veittra reynslulausna síðustu 8 ár, er algengara að reynslulausnir sem veittar eru á 2/3 séu rofnar. Vakin er athygli á því að hlutfall rofinna reynslulausna nýliðinna ára á eftir að hækka þar sem reynslutíminn er ekki liðinn:

| **Veittar rl. innan árs** | **1996** | **1997** | **1998** | **1999** | **2000** | **2001** | **2002** | **2003** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Veittar rl. á 1/2 | 96 | 59 | 51 | 33 | 47 | 42 | 72 | 69 |
| Veittar rl. á 2/3 | 69 | 77 | 49 | 67 | 40 | 57 | 46 | 58 |
| Alls: | 165 | 136 | 100 | 100 | 87 | 99 | 118 | 127 |
| Hlutfall rofa rl. á 1/2 | 12% | 14% | 20% | 18% | 11% | 12% | 8% | 9% |
| Hlutfall rofa rl. á 2/3 | 15% | 25% | 20% | 25% | 18% | 21% | 20% | 10% |
| **Rof í heild:** | **13%** | **20%** | **20%** | **23%** | **14%** | **17%** | **13%** | **9%** |

Töflur 11 og 12 sýna annars vegar heildarfjölda skilorðsbundinna dóma sem berast stofnuninni til fullnustu og hins vegar sektardóma eftir brotum á síðustu þremur árum.

Tafla 13 sýnir heildarfjölda óskilorðsbundinna dóma sem berast stofnuninni til fullnustu eftir brotum. Fækkun hefur orðið í flokknum umferðarlagabrot en fjölgun í flestum öðrum flokkum afbrota.

__Tafla 1.1__

## TEGUNDIR REFSINGA SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU ÁRIN 1999–2003

| | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *Fjöldi dómþola árið 2001* | *Fjöldi dómþola árið 2002* | *Fjöldi dómþola árið 2003* |
|---|---|---|---|---|---|
| Óskilorðsbundin refsivist | 216 | 254 | 259 | 253 | 288 |
| Óskilorðsbundin refsivist+sekt | 10 | 18 | 7 | 12 | 18 |
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist | 28 | 39 | 34 | 44 | 55 |
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist+sekt | 4 | 2 | 2 | 3 | 7 |
| Skilorðsbundin refsivist | 290 | 334 | 382 | 375 | 417 |
| Skilorðsbundin refsivist+sekt | 84 | 69 | 58 | 31 | 52 |
| Skilorðsbundin sekt | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið | 50 | 44 | 40 | 64 | 89 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið+sekt | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| Sekt | 617 | 639 | 691 | 900 | 876 |
| Samtals dómþolar: | 1301 | 1399 | 1474 | 1683 | 1802 |
| Fjöldi sektarrefsinga skv. viðurlagaákvörðun | 479 | 525 | 481 | 490 | 631 |
| Fjöldi sektarrefsinga skv. árituðu sektarboði | 5100 | 4760 | 5148 | 6743 | 6681 |

## Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem barst Fangelsismálastofnun til fullnustu, þar sem frestun á fullnustu refsingar er jafnframt bundin sérstökum skilyrðum árin 1999–2003

| | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *Fjöldi dómþola árið 2001* | *Fjöldi dómþola árið 2002* | *Fjöldi dómþola árið 2003* |
|---|---|---|---|---|---|
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist | 4 | 1 | 4 | 1 | 4 |
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist+sekt | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Skilorðsbundin refsivist | 10 | 8 | 12 | 6 | 14 |
| Skilorðsbundin refsivist+sekt | 0 | 2 | 1 | 0 | 1 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið | 1 | 1 | 0 | 1 | 4 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið + sekt | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| Samtals dómþolar: | 15 | 12 | 17 | 10 | 24 |

Tafla 1.2

## TEGUNDIR REFSINGA, SEM BÁRUST FANGELSISMÁLASTOFNUN TIL FULLNUSTU, ÞAR SEM DÓMÞOLAR ERU 15–17 ÁRA VIÐ UPPKVAÐNINGU DÓMA, VIÐURLAGAÁKVARÐANA OG ÁRITAÐRA SEKTARBOÐA ÁRIN 1999–2003

| | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *Fjöldi dómþola árið 2001* | *Fjöldi dómþola árið 2002* | *Fjöldi dómþola árið 2003* |
|---|---|---|---|---|---|
| Óskilorðsbundin refsivist | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 |
| Óskilorðsbundin refsivist+sekt | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Óskilorðsbundin refsivist+skilorðsbundin refsivist | 1 | 1 | 0 | 3 | 0 |
| Skilorðsbundin refsivist | 31 | 42 | 41 | 44 | 0 |
| Skilorðsbundin refsivist+sekt | 4 | 17 | 4 | 2 | 4 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið | 12 | 11 | 9 | 19 | 27 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið+sekt | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| Sekt | 17 | 19 | 22 | 18 | 13 |
| Samtals dómþolar: | 66 | 91 | 76 | 87 | 74 |
| Sektarrefsing samkvæmt viðurlagaákvörðun | 25 | 23 | 12 | 19 | 21 |
| Sektarrefsing samkvæmt árituðu sektarboði | 117 | 124 | 97 | 151 | 97 |
| Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem dæmdur er upp v/skilorðsrofs | 16 | 21 | 17 | 23 | 2 |
| Fjöldi skilorðsbundinna refsinga sem dæmdur er upp án skilorðsrofs | 4 | 3 | 2 | 2 | 1 |

## Fjöldi skilorðsbundinna refsinga þar sem frestun á fullnustu refsingar er jafnframt bundin sérstökum skilyrðum og dómþolar eru á aldrinum 15–17 ára við uppkvaðningu dóma árin 1999–2003

| | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *Fjöldi dómþola árið 2001* | *Fjöldi dómþola árið 2002* | *Fjöldi dómþola árið 2003* |
|---|---|---|---|---|---|
| Óskilorðsbundin refsivist + skilorðsbundin refsivist | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skilorðsbundin refsivist | 2 | 1 | 2 | 0 | 1 |
| Skilorðsbundin refsivist + sekt | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið +sekt | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| Samtals dómþolar: | 4 | 2 | 2 | 2 | 1 |

## Tafla 2.1

### SKIPTING DÓMÞOLA, SEM DÆMDIR HAFA VERIÐ Í ÓSKILORÐS-BUNDNA FANGELSISREFSINGU, Í LOK HVERS ÁRS ÁRIN 1999–2003

| | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | | *2002:* | | *2003:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Í afplánun ......... | 78 | 29,4 | 82 | 29,6 | 97 | 32,0 | 91 | 26,7 | 117 | 34,4 |
| Í boðun ........... | 49 | 18,5 | 59 | 21,3 | 65 | 21,5 | 63 | 18,5 | 53 | 15,6 |
| Í samfélagsþjónustu . | 19 | 7,2 | 22 | 7,9 | 14 | 4,6 | 37 | 10,9 | 19 | 5,6 |
| Á reynslulausn ..... | 114 | 43,0 | 112 | 40,4 | 124 | 40,9 | 146 | 42,8 | 149 | 43,8 |
| Með náðun ........ | 3 | 1,1 | 2 | 0,8 | 3 | 1,0 | 4 | 1,2 | 2 | 0,6 |
| Annað* ............ | 2 | 0,8 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| | 265 | 100,3 | 277 | 100,0 | 303 | 100,0 | 341 | 100,0 | 340 | 100,0 |

* Oftast er um fullnustu erlendis að ræða.

## Tafla 2.2

### FJÖLDI FANGA SEM AFPLÁNAR VARAREFSINGU FÉSEKTA OG SÆTIR GÆSLUVARÐHALDI Í LOK ÁRANNA 1999–2003

| | *1999:* | *2000:* | *2001:* | *2002:* | *2003:* |
|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* |
| Í samfélagsþjónustu í stað vararefsingar | - | 30 | 12 | 41 | 46 |
| Í vararefsingu fésekta | 4 | 4 | 7 | 10 | 3 |
| Með náðun á sektarrefsingar | - | 5 | 2 | 1 | 3 |
| Í gæsluvarðhaldi | 16 | 19 | 9 | 19 | 8 |

**Tafla 3**

## a) ALDURSSKIPTING FANGA SEM LUKU AFPLÁNUN EÐA VORU Í AFPLÁNUN UM ÁRAMÓT ÁRIN 1999–2003

| | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | | *2002:* | | *2003:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| 16-17 ára | 2 | 0,9 | 1 | 0,5 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 0,3 |
| 18-20 ára | 13 | 5,6 | 20 | 9,1 | 15 | 5,9 | 15 | 6,0 | 19 | 5,8 |
| 21–25 ára | 43 | 18,4 | 45 | 20,5 | 74 | 29,1 | 76 | 30,3 | 88 | 27,1 |
| 26–30 ára | 42 | 17,9 | 44 | 20,1 | 60 | 23,6 | 46 | 18,3 | 57 | 17,5 |
| 31–35 ára | 42 | 17,9 | 25 | 11,4 | 27 | 10,6 | 29 | 11,6 | 48 | 14,8 |
| 36–40 ára | 38 | 16,2 | 36 | 16,4 | 41 | 16,1 | 36 | 14,3 | 37 | 11,4 |
| 41–50 ára | 42 | 17,9 | 37 | 16,9 | 32 | 12,6 | 37 | 14,7 | 45 | 13,8 |
| 51– | 12 | 5,1 | 11 | 5,0 | 5 | 2,0 | 12 | 4,8 | 30 | 9,2 |
| | 234 | 100,0 | 219 | 100,0 | 254 | 100,0 | 251 | 100,0 | 325 | 100,0 |
| Meðalaldur: | 33,26 | | 32,58 | | 30,83 | | 31,84 | | 33,06 | |

## b) ALDURSSKIPTING ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKB. FANGELSISREFSINGAR, RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1999–2003

| | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | | *2002:* | | *2003:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| 16-17 ára | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 1,0 | 0 | 0,0 |
| 18-20 ára | 3 | 3,8 | 4 | 4,0 | 6 | 5,8 | 4 | 3,9 | 3 | 2,5 |
| 21–25 ára | 25 | 31,6 | 25 | 25,3 | 28 | 26,9 | 35 | 34,3 | 32 | 26,7 |
| 26–30 ára | 17 | 21,5 | 22 | 22,2 | 19 | 18,3 | 15 | 14,7 | 18 | 15,0 |
| 31–35 ára | 9 | 11,4 | 11 | 11,1 | 9 | 8,7 | 8 | 7,8 | 11 | 9,2 |
| 36–40 ára | 5 | 6,3 | 10 | 10,1 | 9 | 8,7 | 9 | 8,8 | 17 | 14,2 |
| 41–50 ára | 16 | 20,3 | 19 | 19,2 | 25 | 24,0 | 23 | 22,5 | 27 | 22,5 |
| 51– | 4 | 5,1 | 8 | 8,1 | 8 | 7,7 | 7 | 6,9 | 12 | 10,0 |
| | 79 | 100,0 | 99 | 100,0 | 104 | 100,0 | 102 | 100,0 | 120 | 100,0 |
| Meðalaldur: | 31,93 | | 33,46 | | 33,26 | | 32,83 | | 35,25 | |

**Tafla 4**

## a) TILEFNI FANGAVISTAR ÁRIN 1999–2003

| | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | | *2002:* | | *2003:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Manndráp/tilraun til manndráps | 10 | 4,3 | 13 | 5,9 | 16 | 6,3 | 13 | 5,2 | 15 | 4,6 |
| Auðgunarbrot/skjalafals | 93 | 39,7 | 76 | 34,7 | 83 | 32,7 | 66 | 26,3 | 86 | 26,5 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 30 | 12,8 | 43 | 19,6 | 39 | 15,4 | 55 | 21,9 | 53 | 16,3 |
| Fíkniefnabrot | 55 | 23,5 | 55 | 25,1 | 75 | 29,5 | 79 | 31,5 | 91 | 28,0 |
| Kynferðisbrot | 22 | 9,4 | 10 | 4,6 | 14 | 5,5 | 14 | 5,6 | 30 | 9,2 |
| Ofbeldisbrot | 19 | 8,1 | 15 | 6,8 | 22 | 8,7 | 14 | 5,6 | 32 | 9,8 |
| Brenna | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Annað | 5 | 2,1 | 7 | 3,2 | 5 | 2,0 | 10 | 4,0 | 18 | 5,5 |
| | 234 | 100,0 | 219 | 100,0 | 254 | 100,0 | 251 | 100,0 | 325 | 100,0 |

## b) AFBROT ÞEIRRA SEM LUKU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU Í STAÐ ÓSKB. FANGELSISREFS., RUFU EÐA VORU Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU UM ÁRAMÓT ÁRIN 1999–2003

| | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | | *2002:* | | *2003:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Auðgunarbrot/skjalafals | 11 | 13,9 | 9 | 9,1 | 11 | 10,6 | 12 | 11,8 | 17 | 14,2 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 57 | 72,2 | 70 | 70,7 | 82 | 78,8 | 65 | 63,7 | 83 | 69,2 |
| Fíkniefnabrot | 6 | 7,6 | 6 | 6,1 | 7 | 6,7 | 19 | 18,6 | 15 | 12,5 |
| Kynferðisbrot | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Ofbeldisbrot | 4 | 5,1 | 10 | 10,1 | 3 | 2,9 | 1 | 1,0 | 0 | 0,0 |
| Annað | 1 | 1,3 | 4 | 4,0 | 1 | 1,0 | 5 | 4,9 | 5 | 4,2 |
| | 79 | 100,0 | 99 | 100,0 | 104 | 100,0 | 102 | 100,0 | 120 | 100,0 |

## Tafla 5

### FJÖLDI ÓSKILORÐSBUNDINNA FANGELSISREFSINGA, SEM BARST TIL FULLNUSTU MIÐAÐ VIÐ LENGD REFSITÍMA ÁRIN 1999–2003

| | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | | *2002:* | | *2003:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| 30 dagar og styttra | 53 | 20,5 | 77 | 24,6 | 79 | 26,2 | 88 | 28,2 | 85 | 23,1 |
| Yfir 30 dagar t.o.m. 3 mánuðir | 105 | 40,7 | 127 | 40,6 | 105 | 34,8 | 118 | 37,8 | 130 | 35,3 |
| Yfir 3 mán. t.o.m. 6 mánuðir | 38 | 14,7 | 46 | 14,7 | 46 | 15,2 | 36 | 11,5 | 60 | 16,3 |
| Yfir 6 mán. t.o.m. 12 mánuðir | 28 | 10,9 | 25 | 8,0 | 31 | 10,3 | 33 | 10,6 | 42 | 11,4 |
| Yfir 12 mán. t.o.m. 36 mánuðir | 28 | 10,9 | 25 | 8,0 | 27 | 8,9 | 29 | 9,3 | 44 | 12,0 |
| Yfir 36 mánuðir | 6 | 2,3 | 13 | 4,2 | 14 | 4,6 | 8 | 2,6 | 7 | 1,9 |
| Fjöldi refsinga: | 258 | | 313 | | 302 | | 312 | | 368 | |
| Heildarrefsitími: | 142 ár og 1 mán. | | 202 ár | | 241 ár og 4 mán. | | 179 ár og 5 mán. | | 215 ár og 5 mán. | |

## Tafla 6

### a) FJÖLDI DÓMÞOLA SEM HÓFU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1999–2003

| | *1999:* *Fjöldi* | *2000:* *Fjöldi* | *2001:* *Fjöldi* | *2002:* *Fjöldi* | *2003:* *Fjöldi* |
|---|---|---|---|---|---|
| Veitt samfélagsþjónusta | 60 | 80 | 82 | 88 | 83 |
| Veitt samfélagsþjónusta í stað vararefsinga | | 52 | 60 | 118 | 206 |
| Dagafjöldi refsinga að baki veittri samfélagsþjónustu í stað óskb. refs. | 3.645 | 4.747 | 4.835 | 5.515 | 5,174 |
| Meðaltal | 60,8 | 59,3 | 59,0 | 62,7 | 62,3 |
| Dagafjöldi refsinga að baki veittri samfélagsþjónustu í stað vararefsinga | | 3.280 | 2.997 | 5.384 | 8.275 |
| Meðaltal | | 63,1 | 50,0 | 45,6 | 40,2 |

## b) KYNJASKIPTING DÓMÞOLA SEM HÓFU SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU INNAN HVERS ÁRS ÁRIN 1999–2003

| | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | | *2002:* | | *2003:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Í stað óskb. fang. refsingar:* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Karlar | 53 | 88,3 | 74 | 92,5 | 79 | 96,3 | 82 | 93,2 | 72 | 86,7 |
| Konur | 7 | 11,7 | 6 | 7,5 | 3 | 3,7 | 6 | 6,8 | 11 | 13,3 |
| | 60 | 100,0 | 80 | 100,0 | 82 | 100,0 | 88 | 100,0 | 83 | 100,0 |
| *Í stað vararefsingar:* | | | | | | | | | | |
| Karlar | | | 45 | 86,5 | 49 | 81,7 | 103 | 87,3 | 173 | 85,1 |
| Konur | | | 7 | 13,5 | 11 | 18,3 | 15 | 12,7 | 33 | 14,9 |
| | | | 52 | 100,0 | 60 | 100,0 | 118 | 100,0 | 206 | 100,0 |

**Tafla 7**

# FANGAR SEM LUKU AFPLÁNUN ÁRIN 1999–2003

**a) Ástæða losunar**

| | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | | *2002:* | | *2003:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fangar:* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Afplánað að fullu | 54 | 34,6 | 54 | 39,1 | 54 | 34,4 | 46 | 28,8 | 82 | 39,4 |
| Veitt reynslulausn | 98 | 62,8 | 83 | 60,1 | 100 | 63,7 | 113 | 70,6 | 125 | 60,1 |
| Veitt náðun | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 0,6 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Frestun á afplánun | 2 | 1,3 | 1 | 0,7 | 2 | 1,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Andlát | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| Fullnusta flutt erlendis | 2 | 1,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 0,6 | 1 | 0,5 |
| | 156 | 100,0 | 138 | 100,0 | 157 | 100,0 | 160 | 100,0 | 208 | 100,0 |

**b) Fyrsta afplánun eða afplánað áður**

| | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | | *2002:* | | *2003:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fangar:* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Fyrsta afplánun | 75 | 48,1 | 63 | 45,7 | 69 | 43,9 | 91 | 56,9 | 122 | 58,7 |
| Afplánað áður | 81 | 51,9 | 75 | 54,3 | 88 | 56,1 | 69 | 43,1 | 86 | 41,3 |
| | 156 | 100,0 | 138 | 100,0 | 157 | 100,0 | 160 | 100,0 | 208 | 100,0 |

**c) Lengd afplánunar**

| | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | | *2002:* | | *2003:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fangar:* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Eitt ár eða skemur | 128 | 82,1 | 118 | 85,5 | 132 | 84,1 | 135 | 84,4 | 181 | 87,0 |
| Lengur en eitt ár | 28 | 17,9 | 20 | 14,5 | 25 | 15,9 | 25 | 15,6 | 27 | 13,0 |
| | 156 | 100,0 | 138 | 100,0 | 157 | 100,0 | 160 | 100,0 | 208 | 100,0 |

**d) Skipting eftir kynjum**

| | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | | *2002:* | | *2003:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fangar:* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Karlar | 150 | 96,2 | 132 | 95,7 | 146 | 93,0 | 144 | 90,0 | 197 | 94,7 |
| Konur | 6 | 3,8 | 6 | 4,3 | 11 | 7,0 | 16 | 10,0 | 11 | 5,3 |
| | 156 | 100,0 | 138 | 100,0 | 157 | 100,0 | 160 | 100,0 | 208 | 100,0 |

**Tafla 8**

## DAGAFJÖLDI VEGNA AFPLÁNUNAR ÁRIN 1999–2003 ÁSAMT DAGAFJÖLDA VEGNA GÆSLUVARÐHALDS OG VARAREFSINGA. NÝTING ÁRIN 1999–2003

| **a) Fjöldi afplánunardaga** | *1999: Fjöldi í dögum* | *2000: Fjöldi í dögum* | *2001: Fjöldi í dögum* | *2002: Fjöldi í dögum* | *2003: Fjöldi í dögum* |
|---|---|---|---|---|---|
| Hegningarhúsið | 2780 | 2325 | 3046 | 2983 | 3549 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 18376 | 15767 | 20227 | 18585 | 22681 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 4239 | 4258 | 4898 | 4476 | 4498 |
| Fangelsið Akureyri | 1188 | 1415 | 1218 | 2205 | 1854 |
| Fangelsið Kópavogsbraut 17 | 2409 | 2210 | 2443 | 2762 | 3165 |
| Barnaverndarstofa | 199 | 146 | 155 | 0 | 0 |
| Áfengis- og fíkniefnameðferð | 737 | 618 | 744 | 1264 | 896 |
| Vernd | 2468 | 2636 | 2606 | 2911 | 4499 |
| Sjúkrahús og aðrar stofnanir | 783 | 1294 | 1729 | 855 | 667 |
| Heildarfjöldi afplánunardaga | 33179 | 30669 | 37066 | 36041 | 41809 |

| | *1999:* | *2000:* | *2001:* | *2002:* | *2003:* |
|---|---|---|---|---|---|
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga á dag í öllum fangelsum | 79,4 | 71,0 | 87,2 | 85,0 | 97.9 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga í öllum fangelsum á dag á hverja 100.000 íbúa | 28,5 | 25,1 | 30,5 | 29,7 | 33,7 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga hjá Barnaverndarstofu á dag | 0,5 | 0,4 | 0,4 | 0,0 | 0,0 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga í meðferð á dag | 2,0 | 1,7 | 2,0 | 3,5 | 2,5 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga hjá Vernd á dag | 6,8 | 7,2 | 7,1 | 8,0 | 12,3 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum á dag | 2,1 | 3,5 | 4,7 | 2,3 | 1,8 |
| Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga samtals á dag | 90,9 | 83,8 | 101,6 | 98,7 | 114,5 |
| Meðaltalsfjöldi allra afplánunarfanga á dag á hverja 100.000 íbúa | 32,6 | 29,6 | 35,5 | 34,5 | 39,4 |

| **b) Fjöldi gæsluvarðhaldsdaga** | *1999: Fjöldi í dögum* | *2000: Fjöldi í dögum* | *2001: Fjöldi í dögum* | *2002: Fjöldi í dögum* | *2003: Fjöldi í dögum* |
|---|---|---|---|---|---|
| Hegningarhúsið | 404 | 657 | 106 | 712 | 122 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 2781 | 4869 | 4432 | 4052 | 3699 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 0 | 174 | 0 | 16 | 0 |
| Fangelsið Akureyri | 57 | 207 | 66 | 17 | 33 |
| Fangelsið Kópavogsbraut 17 | 428 | 981 | 697 | 572 | 303 |
| Barnaverndarstofa | 0 | 142 | 0 | 0 | 0 |
| Sjúkrahús og aðrar stofnanir | 0 | 0 | 214 | 365 | 6 |
| Heildarfjöldi gæsluvarðhaldsdaga | 3670 | 7030 | 5515 | 5734 | 4163 |

| | *1999* | *2000:* | *2001:* | *2002:* | *2003:* |
|---|---|---|---|---|---|
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga á dag í öllum fangelsum | 10,1 | 18,8 | 14,5 | 14,7 | 11,4 |
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsf. í öllum fang. á dag á hverja 100.000 íbúa | 3,6 | 6,7 | 5,1 | 5,1 | 3,9 |
| Meðaltalsfjöldi fanga hjá Barnaverndarstofu á dag | 0,0 | 0,4 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsf. á sjúkrahúsum og öðrum stofn. á dag | 0,0 | 0,0 | 0,6 | 1,0 | 0,0 |
| Meðaltalsfjöldi gæsluvarðhaldsfanga samtals á dag | 10,1 | 19,2 | 15,1 | 15,7 | 11,4 |
| Meðaltalsfjöldi allra gæsluvarðhaldsfanga á dag á hverja 100.000 íbúa | 3,6 | 6,8 | 5,3 | 5,5 | 3,9 |

**c) Fjöldi daga í vararefsingu fésekta**

| | *1999: Fjöldi í dögum* | *2000: Fjöldi í dögum* | *2001: Fjöldi í dögum* | *2002: Fjöldi í dögum* | *2003: Fjöldi í dögum* |
|---|---|---|---|---|---|
| Hegningarhúsið | 611 | 332 | 527 | 357 | 739 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 73 | 190 | 558 | 538 | 909 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 147 | 0 | 0 | 6 | 50 |
| Fangelsið Akureyri | 187 | 138 | 438 | 204 | 352 |
| Fangelsið Kópavogsbraut 17 | 654 | 262 | 460 | 148 | 268 |
| Barnaverndarstofa | 0 | 0 | 22 | 0 | 0 |
| Vernd | 100 | 229 | 481 | 348 | 120 |
| Sjúkrahús og aðrar stofnanir | 1 | 0 | 12 | 0 | 0 |
| Heildarfjöldi vararefsingardaga | 1773 | 1151 | 2498 | 1601 | 2438 |

| | *1999:* | *2000:* | *2001:* | *2002:* | *2003:* |
|---|---|---|---|---|---|
| Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, á dag í öllum fangelsum | 4,6 | 2,5 | 5,5 | 3,4 | 6,4 |
| Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, í öllum fangelsum á dag á hverja 100.000 íbúa | 1,6 | 0,9 | 1,9 | 1,2 | 2.2 |
| Meðaltalsfj. fanga, sem afplánar vararefsingu, á dag hjá Barnaverndarstofu | 0,0 | 0,0 | 0,1 | 0,0 | 0,0 |
| Meðaltalsfj. fanga, sem afplánar vararefsingu á dag hjá Vernd | 0,3 | 0,6 | 1,3 | 1,0 | 0,3 |
| Meðaltalsfjöldi fanga, sem afplánar vararefsingu, samtals á dag | 4,9 | 3,1 | 6,8 | 4,4 | 6,7 |
| Meðaltalsfj. allra fanga, sem afplánar vararefsingu, á dag á hverja 100.000 íbúa | 1,7 | 1,1 | 2,4 | 1,5 | 2,3 |

**d) Meðaltalsfjöldi allra fanga á dag**

| | *1999:* | *2000:* | *2001:* | *2002:* | *2003:* |
|---|---|---|---|---|---|
| Í öllum fangelsum | 94,1 | 92,3 | 107,2 | 103,1 | 115,7 |
| Meðaltalsfj. allra fanga í öllum fangelsum á hverja 100.000 íbúa | 33,8 | 32,6 | 37,4 | 36,0 | 39,8 |
| Á Barnaverndarstofu | 0,5 | 0,8 | 0,5 | 0,0 | 0,0 |
| Í meðferð | 2,1 | 1,9 | 2,1 | 3,8 | 2,6 |
| Hjá Vernd | 7,0 | 7,8 | 8,5 | 8,9 | 12,7 |
| Á sjúkrahúsum/öðrum stofnunum | 2,1 | 3,5 | 5,4 | 3,3 | 1,8 |
| Meðaltalsfjöldi allra fanga | 105,9 | 106,4 | 123,6 | 119,2 | 132,8 |
| Meðaltalsfjöldi allra fanga samtals á dag á hverja 100.000 íbúa | 38,0 | 37,6 | 43,2 | 41,6 | 45,7 |

**e) Nýting**

| | *1999: %* | *2000: %* | *2001: %* | *2002: %* | *2003: %* |
|---|---|---|---|---|---|
| Hegningarhúsið | 65,0 | 56,6 | 63,0 | 69,4 | 75,5 |
| Fangelsið Litla-Hrauni | 66,9 | 65,4 | 79,4 | 73,0 | 86,8 |
| Fangelsið Kvíabryggju | 85,8 | 86,5 | 95,9 | 88,0 | 89,0 |
| Fangelsið Akureyri | 43,6 | 53,4 | 52,4 | 73,9 | 68,2 |
| Fangelsið Kópavogsbraut 17 | 79,7 | 78,6 | 82,2 | 79,5 | 85,3 |

**Tafla 9**

## NIÐURFALLIN REFSING ÁRIN 1999–2003

| | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | | *2002:* | | *2003:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* | *Fjöldi dóma:* | *Dagar alls:* |
| Reynslulausn | 113 | 18511 | 101 | 13109 | 99 | 14599 | 94 | 11290 | 145 | 19853 |
| Eftirstöðvar reynslulausnar dæmdar upp | 50 | 5979 | 22 | 2973 | 15 | 2020 | 28 | 4262 | 20 | 2025 |
| Náðun | 1 | 175 | 2 | 445 | 0 | 0 | 1 | 720 | 1 | 600 |
| Fyrning | 1 | 30 | 1 | 90 | 0 | 0 | 1 | 360 | 0 | 0 |
| Andlát dómþola | 1 | 30 | 0 | 0 | 1 | 60 | 1 | 80 | 0 | 0 |
| Samtals: | 168 | 25295 | 126 | 16617 | 117 | 16979 | 125 | 16712 | 166 | 22478 |

**Tafla 10**

## VEITING REYNSLULAUSNA ÁRIN 1999–2003

| | *1999:* | | *2000:* | | *2001:* | | *2002:* | | *2003:* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* | *Fjöldi* | *%* |
| Veittar reynslulausnir á 1/2 | 33 | 33,0 | 47 | 54,0 | 42 | 42,4 | 72 | 61,0 | 69 | 54,3 |
| Veittar reynslulausnir á 2/3 | 67 | 67,0 | 40 | 46,0 | 57 | 57,6 | 46 | 39,0 | 58 | 45,7 |
| Veittar reynslulausnir alls: | 100 | 100,0 | 87 | 100,0 | 99 | 100,0 | 118 | 100,0 | 127 | 100,0 |

| | 1999: | 2000: | 2001: | 2002: | 2003: |
|---|---|---|---|---|---|
| Eftirstöðvar refsinga sem reynslulausnir voru veittar af, í dögum | 18172 | 19766 | 17757 | 18091 | 21083 |
| Meðaltalseftirstöðvar í dögum | 181,7 | 227,2 | 179,4 | 153,3 | 166,0 |

## Tafla 11

### SKILORÐSBUNDNIR DÓMAR ÁRIN 1999–2003
### FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM

| *Tegund brots:* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2001* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2002* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2003* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Auðgunarbrot/skjalafals . . . . | 192 | 45,1 | 232 | 51,9 | 248 | 51,6 | 290 | 61,6 | 278 | 49,7 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 28 | 6,6 | 28 | 6,3 | 26 | 5,4 | 19 | 4,0 | 35 | 6,3 |
| Fíkniefnabrot . . . . . . . . . . . . | 24 | 5,6 | 44 | 9,8 | 35 | 7,3 | 45 | 9,6 | 74 | 13,2 |
| Kynferðisbrot . . . . . . . . . . . . | 7 | 1,6 | 10 | 2,2 | 10 | 2,1 | 7 | 1,5 | 10 | 1,8 |
| Ofbeldisbrot . . . . . . . . . . . . . | 91 | 21,4 | 77 | 17,2 | 83 | 17,3 | 66 | 14,0 | 98 | 17,5 |
| Rangur framburður/ rangar sakargiftir . . . . . . . . . . | 13 | 3,1 | 0 | 0,0 | 2 | 0,4 | 3 | 0,6 | 6 | 1,1 |
| Ofbeldi gegn opinberum starfsmönnum . . . . . . . . . . . . | 10 | 2,3 | 4 | 0,9 | 11 | 2,3 | 4 | 0,8 | 11 | 2,0 |
| Manndráp eða líkams- meiðingar af gáleysi . . . . . . . | 12 | 2,8 | 8 | 1,8 | 13 | 2,7 | 6 | 1,3 | 6 | 1,1 |
| Áfengis- og tollalög . . . . . . . | 3 | 0,7 | 4 | 0,9 | 4 | 0,8 | 2 | 0,4 | 0 | 0,0 |
| Annað . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 46 | 10,8 | 40 | 8,9 | 49 | 10,2 | 29 | 6,2 | 40 | 7,3 |
| . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 426 | 100,0 | 447 | 100,0 | 481 | 100,0 | 471 | 100,0 | 558 | 100,0 |

## Tafla 12

### SEKTARDÓMAR ÁRIN 1999–2003
### FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM

| *Tegund brots:* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2001* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2002* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2003* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Auðgunarbrot/skjalafals . . . . | 17 | 2,8 | 27 | 4,2 | 31 | 4,5 | 32 | 3,6 | 23 | 2,6 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 425 | 68,9 | 415 | 64,9 | 460 | 66,6 | 675 | 75,4 | 614 | 70,0 |
| Fíkniefnabrot . . . . . . . . . . . . | 43 | 7,0 | 58 | 9,1 | 68 | 9,8 | 52 | 5,8 | 84 | 9,6 |
| Kynferðisbrot . . . . . . . . . . . . | 1 | 0,2 | 4 | 0,5 | 1 | 0,1 | 5 | 0,6 | 4 | 0,5 |
| Ofbeldisbrot . . . . . . . . . . . . . | 30 | 4,9 | 22 | 3,4 | 29 | 4,2 | 36 | 4,0 | 28 | 3,2 |
| Rangur framburður/ rangar sakargiftir . . . . . . . . . . | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 2 | 0,2 |
| Ofbeldi gegn opinberum starfsmönnum . . . . . . . . . . . . | 2 | 0,3 | 9 | 1,4 | 8 | 1,2 | 3 | 0,3 | 2 | 0,2 |
| Manndráp eða líkams- meiðingar af gáleysi . . . . . . . | 14 | 2,3 | 7 | 1,1 | 8 | 1,2 | 9 | 1,0 | 9 | 1,0 |
| Áfengis- og tollalög . . . . . . . | 19 | 3,1 | 21 | 3,3 | 17 | 2,5 | 11 | 1,2 | 10 | 1,1 |
| Fiskveiðibrot . . . . . . . . . . . . . | 1 | 0,2 | 1 | 0,2 | 0 | 0,0 | 4 | 0,4 | 4 | 0,5 |
| Annað . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 65 | 10,5 | 75 | 11,8 | 69 | 10,0 | 73 | 8,1 | 96 | 11,1 |
| | 617 | 100,0 | 639 | 100,0 | 691 | 100,0 | 900 | 100,0 | 876 | 100,0 |

__Tafla 13__

**ÓSKILORÐSBUNDNIR DÓMAR ÁRIN 1999–2003**
**FJÖLDI DÓMÞOLA EFTIR BROTUM**

| *Tegund brots:* | *Fjöldi dómþola árið 1999* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2000* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2001* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2002* | *%* | *Fjöldi dómþola árið 2003* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Manndráp | 0 | 0,0 | 4 | 1,3 | 4 | 1,3 | 2 | 0,6 | 2 | 0,5 |
| Auðgunarbrot/skjalafals | 92 | 35,7 | 82 | 26,2 | 80 | 26,5 | 79 | 25,3 | 109 | 29,6 |
| Umferðarlagabrot/nytjataka | 107 | 41,5 | 131 | 41,9 | 120 | 39,7 | 136 | 43,6 | 108 | 29,3 |
| Fíkniefnabrot | 30 | 11,6 | 60 | 19,2 | 63 | 20,9 | 59 | 18,9 | 81 | 22,0 |
| Kynferðisafbrot | 7 | 2,7 | 6 | 1,9 | 6 | 2,0 | 14 | 4,5 | 23 | 6,3 |
| Ofbeldisbrot | 14 | 5,4 | 18 | 5,8 | 15 | 5,0 | 11 | 3,5 | 27 | 7,3 |
| Annað | 8 | 3,1 | 12 | 3,8 | 14 | 4,6 | 11 | 3,5 | 18 | 4,9 |
| | 258 | 100,0 | 313 | 100,0 | 302 | 100,0 | 312 | 100,0 | 368 | 100,0 |

## III. 4 FÉSEKTIR OG SAKARKOSTNAÐUR SAMKVÆMT DÓMUM – VIÐURLAGAÁKVARÐANIR – ÁRITUÐ SEKTARBOÐ

### A. Fésektir samkvæmt dómum

Á árinu 2003 bárust Fangelsismálastofnun til fullnustu 953 sektarrefsingar, þar sem dómþolar voru dæmdir til greiðslu fésektar, samtals kr. 393.167.750 sem er hæsta fjárhæð sekta sem hefur borist til fullnustu á einu ári. Súluritið hér að neðan sýnir þróunina frá því að Fangelsismálastofnun var sett á laggirnar. Stofnunin framsendir lögreglustjórum sektardóma til fullnustu. Samanlögð fjárhæð sekta sem stofnunin framsendi þannig á árinu 2003 nam kr. 299.748.250. Þá voru dóms- og kirkjumálaráðuneyti sendar sektir að fjárhæð kr. 2.710.000, með beiðni um fullnustu á Norðurlöndum. Heildarfjárhæð sekta sem sendar voru til fullnustu á árinu nam því kr. 302.458.250.

**Fjárhæð sekta samkvæmt dómum sem berast Fangelsismálastofnun til fullnustu á hverju ári 1989–2003**



## B. Sakarkostnaður samkvæmt dómum

Á árinu 2003 fól stofnunin lögreglustjórum að innheimta sakarkostnað að fjárhæð kr. 146.173.283.

Sakarkostnaður að fjárhæð kr. 1.701.207 var sendur dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með beiðni um innheimtu á Norðurlöndum. Heildarsakarkostnaður sem sendur var til innheimtu á árinu 2003 nam kr. 147.874.490.

Sektir og sakarkostnaður samkvæmt dómum sem stofnunin sendi til fullnustu og innheimtu á árinu 2003 námu alls kr. 450.332.740.

Hér fyrir neðan má sjá úrskurðaðan sakarkostnað árin 1995–2003.

**Úrskurðaður sakarkostnaður alls á hverju ári 1989–2003**




## C. Viðurlagaákvarðanir

Á árinu 2003 bárust Fangelsismálastofnun 631 sektarrefsing samkvæmt viðurlagaákvörðunum. Námu fjárhæðir sektanna samtals kr. 66.964.000. Stofnunin framsendir lögreglustjórum viðurlagaákvarðanir til fullnustu. Samanlögð fjárhæð sekta sem stofnunin framsendi þannig á árinu 2003 nam kr. 68.421.000.

Sektir og sakarkostnaður samkvæmt viðurlagaákvörðunum sem stofnunin sendi til fullnustu og innheimtu á árinu 2002 námu alls kr. 80.084.981.

**Fjárhæð sekta samkvæmt viðurlagaákvörðunum sem berast Fangelsismálastofnun til fullnustu á hverju ári 1989–2003**



## D. Árituð sektarboð

Á árinu 2003 bárust Fangelsismálastofnun 6.681 sektarrefsing samkvæmt sektarboðum, árituðum í dómstólum til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Nam fjárhæð sektanna samtals kr. 93.692.000. Stofnunin framsendir lögreglustjórum áritanir þessar til birtingar og fullnustu. Samanlögð fjárhæð sekta sem stofnunin framsendi þannig á árinu 2003 nam kr. 108.189.000.

Línuritið hér að neðan sýnir hlutfall helstu brota að baki áritaðra sektarboða. Tæplega 49% höfðu brotið gegn 37. gr. umferðarlaga (fyrir of hraðan akstur) sem er hærra hlutfall en árið áður, 20% gegn 67. gr. umferðarlaga (vanrækt að hafa fært ökutæki til skoðunar) sem eru lægra hlutfall en árið áður, 18% gegn 48. gr. (fyrir að hafa ekki haft ökuskírteini meðferðis) sem er svipað hlutfall og árið áður og enginn fyrir 7. gr. umferðarlaga (fyrir að hafa ekki notað öryggisbelti), en árið á undan var hlutfallið 8%. Vakin er athygli á því að brotin geta bæði verið gegn einstökum lagagreinum og fleiri en einni.

**Helstu brot að baki árituðum sektarboðum í % talið árin 1999–2003**




# IV. ÁKÆRUFRESTANIR

Fangelsismálastofnun hefur um árabil haft það hlutverk með höndum að birta ákvörðun ákæruvaldsins um skilorðsbundna frestun ákæru. Um er að ræða úrræði sem heimilt er að beita samkvæmt 56. gr. hgl., þegar ungmenni, allt frá því þau verða sakhæf við 15 ára aldur og fram að 21 árs aldri, hafa gengist við broti sínu. Einnig þegar ákærandi telur, vegna haga sakbornings, umsjón eða aðrar ráðstafanir samkvæmt 3. mgr. 57. gr. hgl., vera vænlegri til að skila árangri en refsing, enda sé brotið ekki þess eðlis að almannahagsmunir krefjist saksóknar.

Nær undantekningarlaust fær ungmenni aðeins einu sinni skilorðsbundna frestun ákæru. Við endurtekið brot má ætla að ákæra verði gefin út.

Lögreglustjórinn í Reykjavík og sýslumaðurinn í Kópavogi og Hafnarfirði, eru þau embætti sem aðallega fela Fangelsismálastofnun að birta ungmennum ákvörðun um skilorðsbundna frestun ákæru. Er ákvörðunin jafnframt bundin skilyrðinu um að viðkomandi sæti eftirliti og umsjón stofnunarinnar á meðan á skilorðstíma stendur sbr. 1.tl. 3. mgr. 57. gr. hgl. Skilorðstími má ekki vara skemur en eitt ár, en lengst fimm ár. Allra jafna er skilorðstíminn tvö ár, í undantekningartilfellum eitt eða þrjú ár.

Tölurnar sem fram koma í súluritinu hér að neðan gefa því einungis til kynna fjölda ákvarðana um skilorðsbundna frestun ákæru á hendur ungmennum á Stór-Reykjavíkursvæðinu, en ekki á landinu öllu.

**Fjöldi ákærufrestana árin 1989–2003**




Á árinu 2003 birti Fangelsismálastofnun 77 ungmennum ákvörðun um skilorðsbundna frestun ákæru og eru það nokkuð fleiri ákvarðanir en árið þar á undan. Ef tímabilið frá árinu 1989 og fram til ársins 2003 er skoðað í heild sinni má sjá, að flestar ákvarðanir um skilorðsbundna frestun ákæru eru birtar árið 1998 eða 139 en fæstar árið 1994 eða 51.

Í gegnum tíðina hafa þau ungmenni, er birt hefur verið skilorðsbundin frestun ákæru, flest verið á aldrinum 15–18 ára. Svo var einnig á árinu 2003 eins og fram kemur í töflu 16. Voru 59 ungmenni á aldrinum 15–18 ára þegar ákvörðunin var birt þeim, 13 voru orðin 19 ára, þrjú 20 ára og tveir 21 árs. Af þessum 77 ungmennum voru piltar 59 en stúlkur 18 eða 23%. Súluritið hér fyrir neðan varpar ljósi á kynjaskiptingu ákærufrestunarþola árin 1989 til 2003.

**Kyn ákærufrestunarþola árin 1989–2003**



Þegar grannt er skoðað þá er hlutfall stúlkna að meðaltali á bilinu 12–14% með nokkrum undandtekningum þó. Má nefna að árið 1993 voru stúlkur einungis 9% ákærufrestunarþola en flestar árið 1994 eða 24%.

Tafla **14** sýnir tegund afbrota þeirra ungmenna er hlutu skilorðsbundna frestun ákæru á árinu 2003. Langstærsti hluti brotanna voru þjófnaðir og innbrot, eða rúmlega 67%. Þar á eftir koma fjársvik og fjárdráttur, rúmlega 10% og í um 9% tilvika var um nytjastuld að ræða.

Töflur **15–19** innihalda ýmsar tölulegar upplýsingar er gefa nokkra mynd af félagslegum aðstæðum ungmennanna. Þess ber að geta að upplýsingarnar endurspegla aðstæður þeirra við birtingu ákvörðunar um ákærufrestun, þ.e. við upphaf skilorðstímans, en eins og gefur að skilja verða oft töluverðar breytingar á högum þeirra á skilorðstímanum.

Um áramótin 2003–2004 voru 118 ungmenni undir eftirliti og umsjón Fangelsismálastofnunar. Markmiðið með þessu úrræði er fyrst og fremst að grípa inn í gang mála við upphaf mögulegs brotaferils þeirra, – fá þau til að staldra við og hugsa sinn gang, ásamt því að veita þeim aðhald og stuðning á meðan á skilorðstímanum stendur.

## Tafla 14

### AFBROT

| | Fjöldi pilta | % | Fjöldi stúlkna | % | Fjöldi alls | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Innbrot og þjófnaður | 42 | 71,19 | 10 | 55,56 | 52 | 67,53 |
| Skjalafals | 0 | 0,00 | 1 | 5,56 | 1 | 1,30 |
| Fjársvik/fjárdráttur | 3 | 5,08 | 5 | 27,78 | 8 | 10,39 |
| Líkamsárás | 6 | 10,17 | 0 | 0,00 | 6 | 7,79 |
| Nytjastuldur | 7 | 11,86 | 0 | 0,00 | 7 | 9,09 |
| Annað | 1 | 1,69 | 2 | 11,11 | 3 | 3,90 |
| | 59 | 100,00 | 18 | 100,00 | 77 | 100,00 |

## Tafla 15

### NÁM OG STARF

| | Fjöldi pilta | % | Fjöldi stúlkna | % | Fjöldi alls | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Atvinnulaus | 14 | 23,73 | 5 | 27,78 | 19 | 24,68 |
| Í námi | 20 | 33,90 | 3 | 16,67 | 23 | 29,87 |
| Í námi og vinnu | 3 | 5,08 | 4 | 22,22 | 7 | 9,09 |
| í vinnu | 16 | 27,12 | 5 | 27,78 | 21 | 27,27 |
| Óvinnufær | 5 | 8,47 | 0 | 0,00 | 5 | 6,49 |
| Vantar upplýsingar | 1 | 1,69 | 1 | 5,56 | 2 | 2,60 |
| | 59 | 100,00 | 18 | 100,00 | 77 | 100,00 |

## Tafla 16

### ALDUR

| | Fjöldi pilta | % | Fjöldi stúlkna | % | Fjöldi alls | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 15 ára | 10 | 16,95 | 0 | 0,00 | 10 | 12,99 |
| 16 ára | 15 | 25,42 | 2 | 11,11 | 17 | 22,08 |
| 17 ára | 11 | 18,64 | 4 | 22,22 | 15 | 19,48 |
| 18 ára | 15 | 25,42 | 2 | 11,11 | 17 | 22,08 |
| 19 ára | 4 | 6,78 | 9 | 50,00 | 13 | 16,88 |
| 20 árs | 2 | 3,39 | 1 | 5,56 | 3 | 3,90 |
| 21 árs | 2 | 3,39 | 0 | 0,00 | 2 | 2,60 |
| | 59 | 100,00 | 18 | 100,00 | 77 | 100,00 |

**Tafla 17**

## BÚSETA

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 33 | 55,93 | 13 | 72,22 | 46 | 59,74 |
| Nágrannabæir | 26 | 44,07 | 5 | 27,78 | 31 | 40,26 |
| | 59 | 100,00 | 18 | 100,00 | 77 | 100,00 |

**Tafla 18**

## MENNTUN

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekki lokið skyldunámi | 6 | 10,17 | 1 | 5,56 | 7 | 9,09 |
| Er í skyldunámi | 4 | 6,78 | 1 | 5,56 | 5 | 6,49 |
| Skyldunám | 42 | 71,19 | 13 | 72,22 | 55 | 71,43 |
| Vantar upplýsingar | 7 | 11,86 | 3 | 16,67 | 10 | 12,99 |
| | 59 | 100,00 | 18 | 100,00 | 77 | 100,00 |

**Tafla 19**

## HJÚSKAPARSTAÐA FORELDRA

| | *Fjöldi pilta* | *%* | *Fjöldi stúlkna* | *%* | *Fjöldi alls* | *%* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Annað foreldri látið | 4 | 6,78 | 0 | 0,00 | 4 | 5,19 |
| Foreldrar ekki í sambúð | 30 | 50,85 | 11 | 61,11 | 41 | 53,25 |
| Foreldrar í sambúð | 23 | 38,98 | 4 | 22,22 | 27 | 35,06 |
| Vantar upplýsingar | 2 | 3,39 | 3 | 16,67 | 5 | 6,49 |
| | 59 | 100,00 | 18 | 100,00 | 77 | 100,00 |

# V. SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Tveir sálfræðingar eru í fullu starfi á vegum fangelsiskerfisins, annar hjá Fangelsismálastofnun og hinn í Fangelsinu Litla-Hrauni. Þó starfið sé fjölbreytt þá er meginmarkmið sálfræðiþjónustunnar að aðstoða fanga við að takast á við vandamál er tengjast fangelsisvistinni og hjálpa þeim að aðlagast samfélaginu að nýju eftir afplánun. Meðal annarra starfa sem sálfræðingar sinna er að veita fræðslu til starfsmanna, kenna við fangavarðaskólann, sinna rannsóknarvinnu á sviði afbrota og veita ráðgjöf innan stofnunarinnar.

Sálfræðiviðtöl við fanga hafa ætíð verið stærsti hluti starfsins og er eftirspurn eftir þjónustunni mikil. Að jafnaði veita sálfræðingarnir 25-30 viðtöl á viku og í flestum tilvikum óska fangarnir sjálfir eftir aðstoð þeirra. Einnig koma ábendingar frá ættingjum, fangavörðum, læknum og hjúkrunarfræðingum fangelsanna sem og öðrum starfsmönnum. Þá er aðstandendum veitt ráðgjöf í einstaka tilvikum.

Sálfræðingar veita föngum alhliða sálfræðiþjónustu í formi ráðgjafar og samtalsmeðferðar. Samtalsmeðferðin byggir á viðtalstækni sem felst í því að styðja einstaklinginn til að taka ákvörðun og skuldbinda sig til að breyta hegðun sinni. Einnig er hugræn atferlismeðferð notuð en í stuttu máli felst hún í því að skjólstæðingi er hjálpað við að skoða á kerfisbundinn hátt hvernig hugsanir hans, hegðun og líðan tengjast. Skjólstæðingum er bent á leiðir til að breyta hugsunum og/eða hegðun til að hafa áhrif á líðan sína. Ýmist er um regluleg viðtöl að ræða eða óregluleg stuðningsviðtöl eftir samkomulagi. Sumir hafa leitað eftir þessari þjónustu til þess að fá ýmis konar ráðgjöf en aðrir til að fá meðferð við vandamálum sínum, sem oft tengjast afbrotahegðun þeirra eða frelsisskerðingu. Í einstökum tilfellum gefst skjólstæðingum síðan kostur á áframhaldandi meðferð eftir að afplánun lýkur.

# VI. RANNSÓKNIR

## Félagsleg staða fanga og afbrot þeirra

**Margrét Sæmundsdóttur, Fangelsismálastofnun ríkisins**

***Inngangur***

Í þessari grein verða kynntar helstu niðurstöður úr rannsókn sem byggð er á viðtölum við fanga og tekur til fjölskyldustöðu í uppeldi, félagslegra aðstæðna áður en afplánun hófst og vímuefnasögu. Fáar rannsók nir hafa verið gerðar á íslenskum afbrotamönnum og ekki er vitað til þess að athugun á félagslegum högum fanga hér á landi hafi verið gerð áður í þeirri mynd sem hér um ræðir. Freistast var því til þess að ná fram áhrifum af öllum þeim upplýsingum sem fengust úr viðtölum við fangana. Eru þeim föngum sem tóku þátt í þessari rannsókn færðar bestu þakkir enda skiptir þátttaka þeirra megin máli. Þá má geta þess að Fangelsismálastofnun vinnur áfram að þessari athugun og mun gera um ókomna framtíð.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að veita almenningi innsýn inn í heim þeirra sem afplána fangelsisrefsingu hér á landi. Gerð er almenn úttekt á félagslegum þáttum fanga og kannað hvort að þeir eigi einhverja sameiginlega félagslega þætti sín á milli. Þá er gerð athugun á því hvort að þættir eins og aldur, kyn, tegund afbrots og/eða afbrotaferill hafi áhrif á hvernig félagslegum aðstæðum þeirra sem fremja afbrot er háttað og taka út refsingu í fangelsi. Ennfremur er vonast til þess að þessi athugun geti gefið einhverjar áhugaverðar vísbendingar um hvað sé verðugt að rannsaka í framtíðinni og viðkemur þessu viðfangsefni.

Í kafla I er gerð grein fyrir aðferðafræðinni og þátttakendum í rannsókninni. Í kafla II eru kynntar niðurstöður úr svörum þátttakenda við félagslegum þáttum sem að ofan greinir. Þá eru aldur og kyn tekin inn sem hugsanlegar áhrifabreytur. Í kafla III er síðan afbrotaferill og tegund afbrota skoðaðir með hliðsjón af m.a. félagslegum högum og vímuefnaneyslu fanganna eins og greinir í kafla II.

## Kafli I. Aðferðir og gögn

Þessi rannsókn byggist á tvenns konar gagnasöfnun. Í fyrsta lagi á viðtölum við fanga sem tekin voru við hvern og einn í einrúmi og svörin síðan kvótuð inn í gagnagrunn í eigu Fangelsismálastofnunar. Í öðru lagi eru upplýsingar um tegund afbrota sem fangarnir frömdu og afplánunarferill þeirra fengnar úr skráðum gögnum hjá Fangelsismálastofnun.

### *I.1 Spurningar og framkvæmd*

Spurningar voru lagðar fyrir fangana af starfsmönnum Fangelsismálastofnunar og í flestum tilvikum af einum og sama starfsmanni. Vera má að það skekki eitthvað niðurstöðurnar og áreiðanleika rannsóknarinnar þar sem að starfsmaður stofnunarinnar hefur tvöfalt hlutverk. Annars vegar að leggja spurningarnar fyrir fangana og hins vegar að vinna að málefnum þeirra sem þeir telja ekki alltaf vera sér í hag. Reynt var eftir bestu getu að útskýra vel fyrir þeim að svör þeirra yrðu ekki notuð gegn þeim á neinn hátt. Í nær öllum tilvikum voru fangarnir reiðubúnir að tjá sig og oft meira en ætlast var til af þeim.

Þær spurningar sem lagðar voru fyrir fangana fjalla almennt um félagslega hagi þeirra í uppvexti og aðstæður þeirra áður en þeir hófu afplánun en ekki á þeim tímapunkti þegar afbrotið var framið. Þar með gætu aðstæður einhverra hafa breyst frá því að brotið var framið og þar til að afplánun hófst í fangelsi. Við úrvinnslu gagna voru aðallega notaðar tíðnitöflur til að skoða hlutfall þeirra sem svara ákveðnum spurningum á tiltekinn

hátt og tölfræðiprófið Kí-kvaðrat til þess að greina áhrif ólíkra þátta eins og kynferðis, aldurs, tegund afbrots og afplánunarferils á m.a. fjölskyldustöðu, atvinnustöðu og vímuefnaneyslu. Þá var T-próf hlutfalla notað til að skoða hvort að finna mætti marktækan mun á hlutföllum á meðal fangahópsins.

### *I.2 Þátttakendur*

Rannsóknin tekur til fanga sem hófu afplánun í íslenskum fangelsum á tímabilinu september 1998 til loka ársins 2003 og voru að afplána í fangelsi í lengri tíma en 15 daga.[1] Þeir útlendingar sem afplánuðu í fangelsunum en höfðu aldrei búið á Íslandi voru ekki teknir með en þeir voru á þessu tímabili um 3% allra fanga. Þá var kennitala eingöngu notuð einu sinni. Á þessu tímabili komu 1240 einstaklingar í fangelsin að meðtöldum þeim sem komu oftar en einu sinni. Allir fangarnir sem úrtakið tekur til samþykktu þátttöku að undanskildum tveimur einstaklingum og skráð svör frá 29 föngum voru ekki fullnægjandi. Fjöldi þeirra fanga sem rannsóknin tekur til eru N=689 þar af eru 640 karlfangar og 49 kvenfangar. Svarhlutfallið er því 96%. Það að konur eru aðeins 7% á móti 93% karla gerir að verkum að erfitt er að bera kynin saman en þessi mismunur á milli kynjana endurspeglar hins vegar vel það hlutfall sem tíðkast í íslenskum fangelsum og víðast hvar í erlendum fangelsum.[2]

Segja má að fangarnir sem komu til afplánunar hafi á þessu tímabili og nær til úrtaksins verið á öllum aldri. Sá yngsti var 16 ára og sá elsti 74 ára en meðalaldur fanganna var 27,9 ára. Tafla 1 sýnir nánar dreifingu þátttakenda í rannsókninni eftir aldri og kyni.

**Tafla 1. Þátttakendur eftir aldri og kyni**

| Aldur | Karlar | Konur | Alls % |
|---|---|---|---|
| 20 ára eða yngri | 67 | 1 | 9,9 |
| 21 árs til 25 ára | 174 | 16 | 27,6 |
| 26 ára til 30 ára | 114 | 6 | 17,4 |
| 31 árs til 40 ára | 144 | 19 | 23,7 |
| 41 árs eða eldri | 141 | 7 | 21,5 |
| **Samtals: 689** | **640** | **49** | **100** |

Hæsta tíðni fanganna var á aldursbilinu 21 árs til 25 ára eða tæplega 28%. Séu kynin sérstaklega skoðuð þá voru flestir karlfanganna í aldurshópnum 21 árs til 25 ára en á meðal kvenfanganna í aldurshópnum 31 árs til 40 ára. Aðeins ein kona var í aldurshópnum 20 ára eða yngri. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að konur séu að jafnaði eldri en karlmenn þegar þær koma fyrst í fangelsi og reyndist það vera fyrir hendi í þessari athugun þegar skoðað var hlutfallið á milli aldurs og kyns, $P=<0,02$. Sé hins vegar aldurshópunum skipt eftir 30 ára eða yngri og 31 árs eða eldri, er hlutfall yngri aldurshópsins aðeins rétt yfir helming eða tekur til 55% fanganna. Þegar rætt er um yngri og eldri aldurshópa hér á eftir og í næstu köflum er lang oftast átt við annars vegar fanga 30 ára eða yngri og hins vegar fanga 31 árs eða eldri.

1 Þeir sem voru í skemmri tíma en 15 daga voru í flestum tilvikum annað hvort að afplána vararefsingu fésekta (greiddu sig frá eða ekki með fleiri daga á bak við sig) eða þeir voru að afplána eftirstöðvar fangelsisrefsingar eftir að hafa rofið skilyrði samfélagsþjónustu.

2 Sjá m.a. umfjöllun Helga Gunnlaugssonar í bók hans Afbrot og Íslendingar (2000), bls. 130-133.

Yfir helmingur fanganna eða um 58% var að afplána í fangelsi í fyrsta sinn. Þetta hlutfall er í samræmi við gögn Fangelsismálastofnunar og hefur nánast haldist óbreytt frá því að byrjað var að halda utan um upplýsingar um endurkomur í fangelsi.[3] Í töflu 2 má sjá nánar hvernig hlutfallið dreifðist eftir fjölda afplánana í fangelsi.

**Tafla 2. Afplánunarferill og kyn**

| Afplánunarferill | Karlar | % | Konur | % | Alls % |
|---|---|---|---|---|---|
| Fyrsta | 358 | 55,9 | 43 | 87,8 | 58,2 |
| Önnur | 120 | 18,8 | 3 | 6,1 | 17,9 |
| Þriðja til sjötta | 116 | 18,1 | 2 | 4,1 | 17,1 |
| Sjöunda eða oftar | 46 | 7,2 | 1 | 2,0 | 6,8 |
| **Alls** | **640** | **100** | **49** | **100** | **100** |

Í töflunni er fjölda afplánana skipt eftir því hvenær eða hvort að fangarnir eiga möguleika á reynslulausn. Þeir fangar sem eru að afplána í fyrsta sinn eða í annað sinn eiga kost á að fá reynslulausn þegar afplánaður er helmingur af fangelsisrefsingu að uppfylltum skilyrðum sem greinir m.a. í reglugerð nr. 29/1993. Þá eiga þeir sem eru að afplána í þriðja til sjötta sinn að jafnaði möguleika á að fá reynslulausn þegar afplánaðir eru tveir þriðju hlutar af fangelsisrefsingu að uppfylltum skilyrðum. Sé fangi að afplána sína sjöundu refsingu eða oftar er honum að jafnaði ekki veitt reynslulausn. Eins og sést í töflunni var tæplega fjórðungur að afplána í fangelsi í annað sinn og nánast sama hlutfall að afplána í þriðja til sjötta sinn. Þá var 7% karlfanganna að afplána refsingu í sjöunda sinn eða oftar en aðeins ein kona. Séu kynin skoðuð í þessu samhengi var marktækt hærra hlutfall karlfanganna sem höfðu áður afplánað. Tæplega helmingur eða 44% karlfanganna hafði áður afplánað refsingu í fangelsi á móti um 12% kvenfanganna. Í nýlegri rannsókn sem gerð var meðal norskra fanga var að finna svipaða niðurstöðu á mismun karl- og kvenfanga hvað varðar endurkomur í fangelsi.[4]

## Kafli II. Félagsleg einkenni fanganna

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr svörum fanganna á fjölskyldustöðu þeirra í uppeldi og félagslegri stöðu þeirra áður en afplánun í fangelsi hófst, óháð öðrum þáttum eins og afbroti og afplánunarferli. Skoðaðir eru þættir eins og fjölskylduhagir í uppeldi, búseta, menntun, atvinnustaða, hjúskaparstaða, barnaeign, heilsufar og vímuefnaneysla. Þá verða breytur eins og aldur og kyn notaðar sem mögulegir áhrifaþættir.

### *II.1 Fjölskylduaðstaða í uppeldi*

Sumir fræðimenn telja að þættir eins og fjölskyldurof, fátækt og/eða óregla á heimilum í uppeldi geti haft áhrif á að unglingur leiðist út í afbrot, sérstaklega ef ekki er fyrir hendi stuðningsnet til að draga úr slíkum þáttum, t.d. Hagan (1987) og Gottfredson & Hirschi (1990). Þegar skoðuð var uppeldisstaða fanganna í þessari athugun, kom í ljós að stór hluti allra fanganna eða um 80% sögðust hafa alist upp hjá tveimur fullorðnum en fimmti hver fangi sagðist hafa alist upp hjá einstæðu foreldri.[5] Í athugun á norskum

3 Sjá ársskýrslur Fangelsismálastofnunar og einnig skýrslu Ómars H. Kristmundssonar (1985).

4 Friestad Christene og Hansen, Inger Lise Skog. (februar 2004), bls. 19

5 Með tveimur foreldrum er átt við blóðforeldra, foreldri og stjúpforeldri eða fósturforeldra/skyldmenni. Til nánari skýringar sögðust 58% hafa alist upp hjá báðum blóðforeldrum, 12% hjá foreldri og stjúpforeldri og 10% hjá fósturforeldrum/skyldmenni. Ekki verður gerður frekari greinarmunur á uppeldisstöðu fanganna í þessari grein

föngum sem nefnd var hér að framan, kom í ljós að 65% norskra fanga sögðust hafa alist upp hjá tveimur fullorðnum sem er ívið lægra en á meðal íslenskra fanga.[6] Þegar aldurinn var tekinn inn sem áhrifabreyta fékkst marktækur munur á milli aldurshópanna og fjölskylduhaga í uppeldi, p<0,001.

**Mynd 1. Uppeldisstaða eftir aldurshópum**




Mynd 1 sýnir að mun fleiri fanganna í yngri aldurshópnum sögðust hafa alist upp hjá einstæðu foreldri. Þrátt fyrir að sú almenna þróun hafi átt sér stað að fleiri börn alist upp í dag hjá einstæðu foreldri er hlutfallið á meðal fanga í yngri aldurshópnum talsvert hærra eða um 35% en í samfélaginu hefur hlutfallið verið nálægt 20%, sbr. tölur frá Hagstofu Íslands.[7] Ennfremur til frekari samanburðar á yngri aldurshópnum má finna rannsókn sem gerð var á unglingum í Reykjavík vorið 1994 og náði til 9. bekkjar grunnskólanema. Í ljós kom að langflestir við 14 ára aldur bjuggu hjá tveimur fullorðnum eða 81% en um 10% hjá einstæðu foreldri.[8]

Tafla 3 sýnir atvinnustöðu foreldra fanganna. Spurt var hvað foreldrarnir störfuðu við eða áður ef þau voru látin eða komnir á aldur, kvótað eftir starfsgreinum.

**Tafla 3. Atvinnustaða foreldra skipt eftir kyni %**

| Atvinnustaða | Móðir | Faðir |
|---|---|---|
| Atvinnulaus/öryrki | 20,2 | 9,3 |
| Verkamaður/verkakona | 25,1 | 21,5 |
| Heimavinnandi | 10,0 | 0 |
| Sjómaður | 0,4 | 13,4 |
| Iðngrein | 9,3 | 26,6 |
| Skrifstofustarf/þjónusta | 19,2 | 7,8 |
| Sérfr./stjórnun | 12,1 | 15,3 |
| Ekki vitað | 3,7 | 6,0 |
| **Alls** | **100** | **100** |

6 Friestad, Christine og Hansen & Lise Skog (febrúar 2004), bls. 23

7 Hagstofa Íslands (1997, 2000), Kjarnafjölskyldur og mannfjöldi eftir fjölskyldustöðu 1965–1990 og 1991–2000.

8 Sigrún Aðalbjarnardóttir, Andrea G. Dofradóttir, Þórólfur R. Þórólfsson og Kristín L. Garðarsdóttir, (2003), bls. 19.

Stærsti hluti fanganna sagðist eiga foreldra sem væru/voru bæði útivinnandi eða tæplega 80% en af þeim foreldrum sem voru án vinnu, þ.e. atvinnulausir eða öryrkjar voru fleiri mæður í þeirri stöðu eða 20% á móti um 9% á meðal feðra. Í töflunni sést að talsverð dreifing er á atvinnustöðu foreldra í öllum starfsgreinum. Við nánari athugun á atvinnustöðu eftir kyni foreldra reyndist hæsta hlutfall feðra vera iðnaðarmenn eða um 27% og næst á eftir feður í verkamannavinnu eða tæplega 22%. Á meðal mæðra var hæsta hlutfallið verkakonur eða 25% og næst á eftir mæður starfandi við almenn skrifstofustörf/þjónustu eða rúmlega 19%. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands var hlutfall ósérhæfðra starfsmanna á árinu 2000 rúmlega 14% á meðal alls starfandi fólks í landinu og hefur sú tala nánast haldist óbreytt frá síðasta áratug.[9] Hlutfall foreldra fanganna í verkamannastöðu er því talsvert hærra en hlutfallið í samfélaginu. Hvað varðar atvinnulausa/öryrkja að þá vekur athygli hversu hátt hlutfallið er á meðal mæðra fanganna.

Ekki var marktækur munur á milli kynja fanganna og starfsstétta foreldra en þegar aldursbreytan var tekin með, kom fram marktækur munur, $p<0{,}001$. Foreldrar sem voru í sérhæfðum störfum voru líklegri til þess að dreifast á meðal yngri aldurshópsins eða tveir á móti þremur. Af þeim foreldrum sem voru atvinnulausir/öryrkjar var algengi hærra hlutfall á meðal yngsta aldurshópsins, 20 ára eða yngri eða 33% en að öðru leyti dreifðist hlutfall starfsgreina nánast jafnt yfir báða aldurshópana, með hæst um 5% mun en lægst um 0,8%. Á hinn bóginn af þeim mæðrum sem voru heimavinnandi, mældist hlutfallið hæst í elsta aldurshópnum eða 31% og fór hlutfallið stiglækkandi eftir því sem aldurinn fór neðar og lægst var hlutfallið í yngsta aldurshópnum eða um 3%. Segja má að aldur fanganna og starfsstéttir endurspegli að mörgu leyti þá þróun sem hefur átt sér stað í samfélaginu, þ.e. meira er um sérhæfð störf og mun fleiri mæður eru útivinnandi og menntaðri í dag en tíðkaðist áður fyrr.

Í rannsókn á vímuefnaneyslu ungs fólks (1998) var m.a. sýnt fram á að tíð ölvun foreldra eykur líkurnar á því að unglingur leiðist út í neikvæða hegðun, s.s. neyslu á ólöglegum vímuefnum.[10] Í þessu samhengi voru fangarnir spurðir að því hvort þeir könnuðust við að hafa alist upp við vímuefnavanda hjá uppalanda á heimili sínu.[11] Rúmlega helmingur allra fanganna eða 57% sögðust ekki kannast við þann vanda á heimili sínu í uppvexti, 27% sögðust kannast við óreglu frá öðrum aðilanum og 16% sögðust kannast við að hafa alist upp við óreglu hjá báðum aðilum. Ekki reyndist vera tölfræðilegur marktækur munur á milli aldurshópanna og veik fylgni var á milli kynjanna. Fleiri konur svöruðu þó fremur spurningunni játandi. Í athugun sem Landlæknisembættið gerði á föngum á árinu 1979 voru fangarnir spurðir út í þessa þætti og sögðust þá 60% fanganna ekki eiga foreldra sem glímdu við ofdrykkju, 21% sögðu að annað foreldrið ætti við ofdrykkju að stríða og 12% sögðu að báðir foreldrarnir glímdu við þann vanda.[12] Svörin á milli þessara ára eru því mjög svipuð.

### *II.2 Búseta*

Flestallir fangarnir sögðust hafa verið með fasta búsetu áður en afplánun þeirra hófst. Ástæða er þó til að vekja athygli á að 7% sögðust hafa búið á götunni eða búið þar sem gistingu var að fá á hverjum tíma. Meirihluti fanganna eða 52% sem hófu afplánun á þessu gefna tímabili sögðust hafa búið í Reykjavík en fæstir sögðust hafa verið með bú-

9 Hagstofa Íslands. Tafla 3.13. Starfandi fólk eftir starfséttum, kyni og búsetu 1991–2001

10 Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998), bls. 132-136.

11 Fangarnir voru spurðir að því hvort að þeir upplifðu í uppeldi vímuefnaóreglu hjá foreldrum. Heppilegra þótti eftir forprófun að setja þessa spurningu upp með þessum hætti í stað þess að raða þeim eftir hversu oft foreldri/foreldrar neyttu vímuefna. Ástæðan er sú að skynjun hvers og eins á því hvað telst oft og hvað ekki getur verið mjög ólík.

12 Ólafur Ólafsson, Guðmundur S. Jónsson, Guðsteinn Þengilsson og Hildigunnur Ólafsdóttir (1981)

setu á Austurlandi. Sé tekið mið af því hvernig búseta fanganna dreifðist miðað við hlutfall íbúafjölda á tilteknum svæðum var hlutfallið hæst í Reykjavík og á Suðurnesjunum (0,3%) en lægst á Austurlandi (0,01%). Ekki fékkst marktækur munur á milli aldurhópanna eða á milli kynjanna.

### *II.3 Menntun, atvinna og heilsufar*

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að langtímamarkmið eins og menntun og/eða atvinna geti dregið úr líkum á afbrotahegðun, sbr. Hircshi (1969). Þegar menntunarstaða fanganna var skoðuð, eins og tafla 4 sýnir, má sjá að hún dreifðist allt frá grunnmenntun upp í háskólamenntun, þótt mikill munur væri á milli hlutfalla.

**Tafla 4. Menntunarstaða áður en afplánun hófst**

| Menntun | Fjöldi | Hlutfall % |
|---|---|---|
| Grunnmenntun eða minna | 362 | 52,5 |
| Hluti af framhaldsskóla | 157 | 22,8 |
| Iðnmenntun | 120 | 17,5 |
| Stúdent | 22 | 3,2 |
| Háskólagráða | 28 | 4,0 |
| **Samtals** | **689** | **100** |

Rúmur meirihluti allra fanganna eða um 53% sagðist ekki hafa lokið eða aðeins lokið grunnskólaprófi og tæplega fjórðungur hafði byrjað í framhaldsskóla en hætt án þess að ljúka námi. Samanlagt segja þessar tölur að um 75% fanganna höfðu ekki lokið menntun umfram grunnskóla. Enginn kvenfanganna hafði lokið iðnmenntun en að öðru leyti var ekki mikill munur á menntunarstöðu kynjanna. Ekki var heldur að finna marktækan mun á milli aldurshópa fanganna og menntun umfram grunnskóla. Séu skoðaðar tölur frá Hagstofu Íslands um aldur og menntun Íslendinga á aldrinum 25 ára til 64 ára, er hlutfall þeirra sem hafa einungis lokið grunnmenntun eða skemmri framhaldsskólamenntun um 45%.[13] Í rannsókn um ungt fólk í Reykjavík sem áður hefur verið getið um og tekur til einstaklinga fæddra á árinu 1979 hafði rúmlega fjórðungur einungis lokið grunnskólaprófi við 22 ára aldurinn.[14] Ljóst er við þennan samanburð að hlutfallslega mun fleiri fangar eru með minni menntun en tölur segja almennt til um varðandi menntun í samfélaginu. Þessar niðurstöður eru í samræmi við erlendar rannsóknir sem hafa sýnt fram á að fangar hafi almennt stutta skólagöngu. Þannig hafa rannsóknir leitt í ljós að það sé samband á milli brottfalls ungs fólks úr skóla og afbrotahegðunar.[15]

Í töflu 5 er gerð grein fyrir hver staða fanganna var áður en afplánun hófst með tilliti til þess hvort þeir væru virkir á vinnumarkaðnum eða ekki.

13 Hagstofa Íslands, tafla 2.4.1. Mannfjöldi 16-74 ára eftir kyni, aldri og menntun 2000.

14 Sigrún Aðalbjarnardóttir, Andrea G. Dofradóttir, Þórólfur R. Þórólfsson og Kristín L. Garðarsdóttir (2003), bls. 22.

15 Sjá m.a. Catterall (1985) og Hirschi (1969).

**Tafla 5. Atvinnuþátttaka áður en afplánun hófst**

| Staða | Fjöldi | Hlutfall % |
|---|---|---|
| Í vinnu | 380 | 55,2 |
| Atvinnulaus | 173 | 25,1 |
| Öryrki | 117 | 17,0 |
| Í skóla | 19 | 2,8 |
| **Samtals** | **689** | **100** |

Yfir helmingur allra fanganna eða um 55% sagðist hafa verið í fastri vinnu áður en afplánun þeirra hófst. Fjórðungur þeirra sagðist hafa verið atvinnulaus, 17% sögðust vera öryrkjar[16] og um 3% sögðust hafa verið í skóla. Þegar aldurinn var tekinn með fékkst marktækur munur, P<0,001. Mun hærra hlutfall þeirra sem voru öryrkjar mátti finna á meðal eldri aldurshópsins eða um 74% á meðal þeirra. Á móti sögðust hlutfallslega fleiri sem voru í yngri aldurshópnum hafa verið atvinnulausir í lengri tíma eða um 65%. Rannsóknir hafa sýnt fram á að atvinnuleysi geti ýtt undir heilsubrest, sérstaklega andlegan heilsubrest sem getur leitt til þess að einstaklingur sæki um örorkubætur. Í athugun sem gerð var á högum þeirra sem urðu öryrkjar á Íslandi árið 1997, kom fram að 45,1% þeirra reyndust einhvern tíma hafa verið atvinnulausir.[17] Það er því ekki ólíklegt að hluti af yngri aldurshópnum sem sagðist hafa verið atvinnulaus muni síðar verða öryrkjar verði ekki reynt með markvissum hætti að sporna gegn þeirri hugsanlegu þróun. Á mynd 2 sést hins vegar hvernig atvinnustaða fanganna dreifðist eftir kyni.

**Mynd 2. Atvinnustaða fanga eftir kyni**




Eins og sjá má á mynd 2 sögðust hlutfallslega mun fleiri kvenfanganna hafa verið án vinnu, þ.e. atvinnulausar eða öryrkjar eða nær tvær af hverjum þremur á móti tveimur af hverjum fimm hjá karlföngunum og er sá munur tölfræðilega marktækur, p<0,03. Í tölum frá Hagstofunni hefur hærra hlutfall atvinnuleysis verið á meðal karla á aldursbilinu 16-24 ára en hærri hjá konum yfir 24 ára aldri.[18] Eins og sést voru aðeins fleiri af kvenföngunum atvinnulausar en á meðal karlfanganna. Mun fleiri kvenfanganna sögðust hins vegar hafa verið á örorku í lengri tíma. Í grein Sigurðar Thorlacius á algengi ör-

16 Með öryrkja er hér átt við þá sem eru á örorkulífeyri, örorkustyrk eða lífeyrisbótum Fjöldi þeirra síðastnefndu var teljandi á annarri hendi og hafði því ekki áhrif á niðurstöðurnar.

17 Thorlacius S, Stefánsson S.B, Jónsson, F.H & Ólafsson S. (2002)

18 Hagstofa Íslands, tafla 1.1.2. Atvinnuþátttaka eftir aldri 1991-2002.

orku á Íslandi kom í ljós að örorka var marktækt algengari hjá konum en á meðal karla. Á árinu 2002 var hlutfall kvenna 7% en hjá körlum um 5%.[19] Þrátt fyrir að munurinn sé fyrir hendi í samfélaginu er ljóst að á meðal þeirra sem afplánuðu í fangelsi á þessu tímabili voru hlutfallslega margir öryrkjar og þá sérstaklega á meðal kvenfanganna. Fangarnir voru jafnframt spurðir út í það hvort að þeir hefðu þegið félags- eða örorkubætur í lengri tíma áður en afplánun hófst. Alls 60% kvenfanganna svöruðu því játandi og 38% karlfanganna sem er í samræmi við niðurstöður á fjölda þeirra sem sögðust vera atvinnulausir eða öryrkjar. Til að athuga betur hvað lá að baki örorkubótunum þá voru fangarnir spurðir almennt út í líkamlegt og andlegt heilsufar sitt. Í ljós kom að stærsti hluti fanganna eða um 83% sögðu líkamlega heilsu sína vera mjög góða/frekar góða þegar þeir hófu afplánun. Kvenfangarnir voru þó fleiri sem sögðust búa við slæma/ frekar slæma líkamlega heilsu eða ein á móti fjórum en sjötti hver karlfangi taldi líkamlega heilsu sína vera bágborna. Munurinn var marktækur, P<0,002. Þegar fangarnir voru spurðir út í andlegt heilsufar sagðist rúmur helmingur þeirra ekki eiga við nein geðræn vandamál að stríða en af þeim sem sögðust eiga við einhvern vanda að stríða nefndu flestir þunglyndi/kvíða.

**Mynd 3. Andlegt heilsufar áður en afplánun hófst.**




Eins og sést á mynd 3 sögðust mun fleiri kvenfanganna, að eigin sögn, eiga við þunglyndi/kvíða að stríða eða helmingur þeirra á móti einum af hverjum fjórum í hópi karla. Þá svöruðu fleiri af eldri föngunum því til að eiga við andlega vanheilsu að stríða þótt munurinn væri ekki marktækur.

### *II.4 Hjúskaparstaða og barneign*

Að hefja sambúð, að eignast heimili og barn eru oft sagðir þættir sem geti haft jákvæð áhrif á hegðun einstaklingsins og dregið úr áhuga hans á að fremja afbrot. Erfitt er þó að fullyrða að svo sé og engar rannsóknir hafa beinlínis sýnt fram á það. Áhugavert er þó að skoða þessa þætti til að fá sem gleggsta mynd af högum íslenskra fanga. Þegar litið er fyrst á hjúskaparstöðu fanganna kom í ljós að um 43% allra fanganna sögðust vera einhleypir, um 16% sögðust eiga unnustu, 28% sögðust vera í sambúð eða gift- ir og 14% sögðust vera fráskildir eða ekklar. Ekki var marktækur munur á milli kynjanna en augljóslega var yngri aldurshópurinn líklegri til þess að vera einhleypur. Í at-

19 Sigurður Thorlacius, Læknablaðið. 1. tbl. 90. árg. 2004.

hugun sem gerð var á föngum á árinu 1979 sem áður hefur verið nefnd, var tíðni giftra/í sambúð um 25% sem er mjög svipað og fæst hér.[20]

Við athugun á barneign fanganna sögðust tveir af hverjum þremur eiga barn/börn. Þegar skoðað er hlutfallið milli kynjanna sögðust nálægt 78% allra kvenfanganna eiga barn/börn og 59% allra karlfanganna. Talsvert algengt var að fangar ættu fleiri en eitt barn og mældist meðaltalsfjöldi barneigna 1,7 börn sem er nokkuð í samræmi við tölur í samfélaginu.[21] Ekki var tölfræðilegur marktækur munur á milli kynjanna og fjölda barna. Það kom svo í ljós að þegar fangarnir voru spurðir að því hvort að barnið/börnin hafi verið með fasta búsetu á heimili þeirra áður en afplánun hófst, svöruðu tæplega 70% því neitandi. Af karlföngunum svöruðu um 70% að barn/börn þeirra hefðu ekki fasta búsetu hjá þeim og rúmlega helmingur kvenfanganna sagði það sama eða 53%. Í raun kemur þetta háa svarhlufall karlfanganna ekki á óvart. Annars vegar með tilliti til þess hversu hátt hlutfallið var á meðal einhleypra og hins vegar að mun algengara er að konur haldi börnum við skilnað eða þegar barn fæðist utan sambúðar/hjónabands. Annað er uppi á teningnum sé skoðað svarhlufall kvenfanganna. Sú niðurstaða að yfir helmingur þeirra hafði ekki barn/börnin í sinni umsjá áður en kom til fangelsisvistar er langtum hærra en gerist í samfélaginu, sbr. Hagstofa Íslands.[22] Ekki reyndist vera marktækur munur á aldurshópunum og barneign.

### *II.5 Aðsetur að lokinni afplánun*

Fangarnir voru því næst spurðir að því hvort þeir hefðu fastan samastað ef þeir væru að losna úr fangelsi. Um 40% sögðust fara aftur á sitt eigið heimili eftir losun úr fangelsi. Með eigið heimili er átt við að hafa húsnæði, hvort sem það er í eigu, leiguhúsnæði eða húsnæði á vegum sveitarfélags. Um 30% sögðust fara til foreldris/ættingja, um 3% sögðust myndu fara til vinar eða unnustu en rúmur fimmti hver fangi sagðist ekki hafa samastað ef hann væri að fara aftur út í samfélagið. Mynd 4 sýnir hvernig hlutfallið dreifðist á meðal kynjanna.

**Mynd 4. Aðsetur að lokinni afplánun eftir kyni**




Þegar kynin eru skoðuð, sögðust hlutfallslega fleiri konur fara aftur á sitt eigið heimili en hlutfallslega fleiri karlmenn sögðust myndi fara til foreldra/ættingja. Þann mun

20 Ólafur Ólafsson, Guðmundur S. Jónsson, Guðsteinn Þengilsson og Hildigunnur Ólafsdóttir (1981)

21 Hagstofa Íslands. Lifandi fædd börn á ævi hverrar konu á Evrópska efnahagssvæðinu 1960-2000

22 Ekki er til beinn samanburður en það sem kemst næst, sbr. Lifandi fæddir eftir fæðingarröð og hjúskaparstétt móður 1951-2002.

milli kynjanna má að hluta til finna í þeirri skýringu, að meðalaldur kvenfanga sem hefja afplánun, eins og fram hefur komið, er hærri. Hin skýringin getur verið meira félagsleg með tilliti til þess að hærra hlutfall kvenfanganna var með forræði yfir barni/börnum sínum og höfðu þ.a.l. af þeirri ástæðu búið með barni í eigið húsnæði. Þá var líka marktækt algengara að þeir sem sögðust eiga barn/börn færu aftur inn á sitt eigið heimili en hjá þeim sem sögðust ekki eiga barn, $p<0,02$. Þegar skoðaðir voru sérstaklega þeir fangar sem sögðust ekki vita hvert þeir færu, væru þeir að losna úr fangelsi, reyndist ekki vera mikill munur á svarhlutföllum milli kynjanna og barneign reyndist ekki heldur hafa áhrif þar á, $p<0,02$.

### *II.6 Vímuefnaneysla*

Þegar fangarnir voru spurðir út í notkun vímuefna sögðust flestallir eða 98% fanganna hafa einhvern tíma neytt áfengis eða prófað það. Flestir fanganna sögðust hafa prófað fyrst áfengi fyrir 16 ára aldurinn eða nálægt 70% þeirra og þriðjungur fanganna hafði prófað áfengi á aldrinum 13 ára eða yngri. Í rannsókn sem gerð var á vegum Geðdeildar Landspítalans á áfengisvenjum Íslendinga (1994), kom í ljós að á árinu 1988 höfðu 46% unglinga á aldrinum 13 til 15 ára sagst hafa neytt áfengis en sú tala var komin niður í 38% á árinu 1992.[23] Í annarri rannsókn sem gerð var af Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála (sem þá hét) á íslenskum ungmennum (1992), kom fram að 54% unglinga hafði einhvern tíma neytt áfengis við 14 ára til 15 ára aldur. Þegar þessar tvær rannsóknir á áfengishegðun ungs fólks í samfélaginu eru bornar saman við fangahópinn má ætla að meirihluti þeirra síðarnefndu hafi prófað fyrr að neyta áfengis. Ekki reyndist munur á milli kynjanna né á aldri og upphafi neyslu á áfengi.

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að hass sé algengasta fíkniefnið sem kemur í beinu framhaldi af áfengisneyslu og á undan neyslu annarra ólöglegra fíkniefna. Sé tekið mið af því, þá hafa íslenskar rannsóknir mælt innan við 10% og hæst um 17% hjá unglingum í 10 bekk grunnskóla (15 til 16 ára) sem höfðu einhvern tíma neytt hass.[24] Mælingar á öðrum efnum hafa sýnt mun lægra hlutfall. Sú sama niðurstaða fæst á fíkniefnaneyslu fanganna eins og á áfengisneyslu, þ.e. stór hluti þeirra virðist hafa prófað mun fyrr að neyta fíkniefna en almennt gerist á meðal unglinga í íslensku samfélagi. Um 73% fanganna í þessari rannsókn sögðust einhvern tímann hafa neytt fíkniefna. Af þeim föngum sem sögðust hafa neytt einhvern tíma fíkniefna hafði um þriðjungur prófað fyrst fíkniefni undir 16 ára aldri þótt tíðnin mældist hæst á aldursbilinu 16 ára til 17 ára. Í rannsókn Jóns Friðriks Sigurðssonar og Gísla H. Guðjónssonar (1996) á vímuefnanotkun fanga á árinu 1994 sögðust 68% fanganna einhvern tíma hafa neytt fíkniefna sem er um 5% færri en fæst hér. Erfitt er að segja til um hvort að um beina aukningu sé að ræða á notkun fíkniefna milli ára. Þörf er á frekari athugun þegar fram í sækir til að unnt sé að segja eitthvað nánar til um það. Hvorki reyndist munur á milli kynjanna né á aldri varðandi upphaf neyslu á fíkniefni.

Í töflu 6 má sjá hvernig neyslumynstrinu var háttað hjá föngunum eftir tegund vímuefna.

---

23 Ása Guðmundsdóttir (1994)

24 Sjá m.a. rannsókn Sigrúnar Aðalbjarnardóttur, Sigurlínar Davíðsdóttur og Eyrúnar M. Rúnarsdóttur (1997) og rannsókn Stefáns H. Jónssonar, Þórodds Bjarnasonar, Ingu Dóru Sigfúsdóttur, Bryndísar Björku Ásgeirsdóttur og Jóns Sigfússonar (2003)

**Tafla 6. Neyslumynstur eftir áfengi og fíkniefni %**

| Neyslumynstur | Áfengi | Fíknefni |
|---|---|---|
| Daglega/oft í viku/vikulega | 19,0 | 34,7 |
| Nokkrum sinnum í mánuði | 25,7 | 7,1 |
| Sjaldan | 49,5 | 22,1 |
| Einhv. tímann neytt | 3,8 | 8,7 |
| Aldrei neytt | 2,0 | 27,4 |
| | **100** | **100** |

Eins og taflan sýnir sagðist tæplega fimmti hver fangi hafa neytt áfengis daglega eða oft í viku/vikulega, um 26% sögðust hafa neytt áfengis nokkrum sinnum í mánuði og tæplega helmingur sagðist hafa neytt áfengis sjaldnar. Þegar aldurinn var tekinn með reyndist hlutfall þeirra sem neyttu áfengis daglega eða oft í viku/vikulega vera hærra á meðal eldri aldurshópsins. Munurinn á elsta og yngsta aldurshópunum mældist um 15% og var sá munur marktækur, *p<0,04*. Af þeim sem sögðust neyta fíkniefna var tíðnin hæst á meðal *stórneytenda* eða rúmlega einn af hverjum þremur. Með *stórneytenda* er átt við þann sem neytir fíkniefna daglega eða oft í viku/vikulega. Hlutfall þeirra sem að neyttu fíkniefna nokkrum sinnum í mánuði eða sjaldnar mældist samanlagt um 29% og verða þeir hér eftir nefndir *virkir neytendur*. Mynd 5 sýnir nánar hvernig neyslumynstrið dreifðist á aldurshópana.

**Mynd 5. Neyslumynstur fíkniefna eftir aldri**




Eins og sést á myndinni er hlutfall stórneytenda hæst á meðal yngri aldurshópsins. Mun fleiri í eldri aldurshópnum hafði aldrei neytt fíkniefna og hæst var hlutfallið á meðal þeirra sem voru 41 árs eða eldri. Velta má annars vegar fyrir sér hvort að vímuefnavandinn sé meiri í dag á meðal ungs fólks, þ.e. meira er um stórneytendur en áður. Hins vegar er umhugsunarvert hvort að munurinn á neyslumynstri og aldri sé að finna í því að margir stórneytenda „brenna út“ fremur snemma á lífsleiðinni, þ.e. hafi minni orku eða getu til þess að halda brotastarfseminni áfram þótt vímuefnavandinn sé ennþá til staðar.

Þegar skoðað var nánar neyslumynstur fanganna var algengast að þeir væru stórneytendur á kannabis (48%) en amtefamín/kókaín kom fast á eftir (42%). Ljóst er að kannabisefnið er áfram mest notaða efnið á meðal íslenskra afbrotamanna,[25] þótt vísbending

25 Sbr. niðurstöður Jóns Friðriks Sigurðssonar og Gísla H. Guðjónssonar (1996).

sé um að aukning sé að eiga sér stað á notkun amfetamíns/kókaíns. Meira var um að fangarnir hefðu prófað eða verið virkir neytendur á efnum eins og; Sveppum, LSD og E-töflum eða um 30% í báðum hópunum. Þá sögðust 14% vera stórneytendur á „sprautum“ og tæplega 19% sögðust misnota lyf í sama mæli. Þegar litið er á tölur um notkun heróíns voru stórneytendur þess efnis 4% en hafa þarf hér í huga að þessir einstaklingar höfðu langflestir dvalist erlendis áður en afplánun þeirra hófst. Eins sögðust flestir þeirra sem höfðu prófað heróín eða einhvern tíma neytt þess hafa gert það erlendis en ekki á Íslandi. Í umræðunni má ekki gleyma að tæplega þriðjungur þeirra sem frömdu afbrot og afplánuðu refsingu í fangelsi höfðu aldrei neytt fíkniefna og sumir hverjir lítið notað áfengi. Þar með ber að fara varlega að tala um bein tengsl milli afbrota eða fangelsisvistar og vímuefnaneyslu eins og oft vill verða þó að hlutfall vímuefnafíkla meðal fanga sé vissulega hátt.[26] Þegar skoðað er neyslumynstur fanganna í rannsókn Jóns Friðriks og Gísla H. (1996) í samanburði við neyslumynstur fanganna í þessari athugun reyndist neyslumynstrið lítið hafa breyst nema hvað varðar neyslu á amfetamíni/kókaíni sem hefur aukist um 17% frá þeirra rannsókn. Um vímuefnanotkun í ársskýrslu SÁÁ frá 2002 sem er ágætur mælikvarði á hve vandinn er stór kemur fram svipað hlutfall á neyslu flestra þessara efna hjá einstaklingum sem voru lagðir inn í meðferð á meðferðarstöðinni Vogi. Greina má þó talsvert hærra svarhlutfall á neyslu kannabisefna hjá þeim sem komu í fangelsi eða 18% hærra en sem mælist að meðaltali í ársskýrslum SÁÁ. Þegar kynin voru skoðuð sérstaklega komu fram sterkari tengsl á milli stórneytenda og kvenfanga, þótt munurinn reyndist ekki vera marktækur.

Að síðustu þegar litið er á vímuefnameðferðarsögu fanganna sögðust 38% aldrei hafa farið í vímuefnameðferð, 19% sögðust hafa farið í eina meðferð og sama hlutfall fékkst hjá þeim sem höfðu farið í 2 til 3 meðferðir. Um 25% sögðust hafa farið í 4 meðferðir eða oftar. Af þessu sést að meirihluti allra fanganna hafði farið í vímuefnameðferð áður en afplánun þeirra hófst og af þeim sögðust rúmlega 40% hafa farið í fleiri en eina meðferð. Algengara var að kvenfangar hefðu einhvern tímann farið í vímuefnameðferð eða 67% á móti 59% á meðal karlfanga.

### *Samantekt*

Í fyrsta lagi benda niðurstöðurnar til þess að íslenskir fangar alist upp við mismunandi fjölskyldumynstur og þjóðfélagsstöðu eins og meðal annarra úti í samfélaginu. Við nánari athugun kom hins vegar í ljós að yngri fangar í fangelsum í dag eru líklegri til þess að hafa alist upp hjá einstæðu foreldri en þeir sem eru eldri. Ennfremur gefa vísbendingarnar til kynna að yngri fangar komi frá fjölbreyttari þjóðfélags- og efnahagshópum í samfélaginu, þótt algengara sé að fangar almennt, komi frá aðstæðum þar sem efnahagsleg kjör eru bágbornari. Hugsanlegt er að breytingar séu að eiga sér stað á samsetningu fanga í þá veru að fangar alist upp við rofnari fjölskyldutengsl í uppvexti og komi ekki lengur frá eins einsleitu umhverfi og áður. Sú þróun er þó að mörgu leyti í samræmi við þá þróun sem á sér stað í samfélaginu. Í öðru lagi kemur fram sterk vísbending um að fangar almennt hafi stutta skólagöngu, þ.e. hafi annað hvort ekki lokið skyldunámi eða eingöngu lokið grunnskólaprófi. Einnig virðist vera talsvert um að fangar hafi flosnað upp úr framhaldsskólum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við margar rannsóknir, bæði innlendar og erlendar, sem hafa sýnt fram á að það sé samband milli stuttrar skólagöngu og frávikshegðunar. Í þriðja lagi má segja að þrátt fyrir að meirihluti

---

26 Með vísan m.a. í rannsókn Helga Gunnlaugssonar afbrotafræðings á viðhorfum Íslendinga til afbrota (2000), sögðust meirihluti svarenda að meginástæða þess að sumt fólk leiðist út i afbrot liggja í annaðhvort áfengis- eða fíkniefnaneyslu viðkomandi, bls. 31.

fanga sem koma í fangelsi hafi verið virkir á vinnumarkaðnum, benda niðurstöðurnar til þess að margir skipi hóp atvinnulausra eða öryrkja séu þeir bornir saman við tölur í samfélaginu. Í þessu sambandi virðist sem yngri fangar séu mun líklegri til þess að vera atvinnulausir en eldri fangar öryrkjar. Þá segja niðurstöðurnar að í flestum tilvikum stafi örorka fanganna af félagslegum og andlegum þáttum en ekki vegna líkamlegs vanda. Í fjórða lagi sýna niðurstöðurnar að marktækt algengara sé að konur sem taka út refsingu í fangelsi séu mun verr staddar bæði félagslega- og andlega heldur en á meðal allra karlfanga sem verðugt er að rannsaka frekar. Í fimmta lagi virðist vímuefnaneysla vera algeng á meðal þeirra sem koma í fangelsi og talsvert hátt hlutfall á við mjög alvarlegan vímuefnavanda að stríða.

## Kafli III. Afbrot í tengslum við félagslega stöðu og vímuefnaneyslu

Í þessum kafla verða kynntar niðurstöður á tengslum félagslegrar stöðu og vímuefnaneyslu fanganna eins og fram hefur komið í kafla II við það afbrot sem fangarnir frömdu. Ennfremur verður gerð grein fyrir hvort að félagsleg staða fanganna sé ólík eftir því hvort þeir hafa afplánað áður refsingu í fangelsi, hvort sem um var að ræða fangelsisvistun vegna vararefsinga fésekta eða óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga. Þess skal þó getið að afbrotasaga fanganna er ekki skoðuð út frá því hvort þeir hafi áður hlotið skilorðsbundna fangelsisrefsingu, sekt(ir) sem aldrei kom til fullnustu með fangelsisvistun, ákærufrestun eða tekið út refsingu með samfélagsþjónustu. Líklegt er þó að allmargir hafi að undangenginni beinni fangelsisvist hlotið eitthvað af ofangreindum refsingum og sumir hlotið allar þessar tilgreindu refsingar.

### *III.1 Tegund afbrots og afbrotaferill*

Í töflu 7 sést hvernig tegund afbrota dreifðist á meðal fanganna sem hófu afplánun á þessu gefna tímabili eftir kyni. Ekki var þó um marktækan mun að ræða á milli kynjanna og tegund afbrota. Athygli er vakin á því að sumir fanganna voru að afplána refsingu fyrir fleiri en eitt brot og er þá miðað við aðalbrot, samkvæmt niðurstöðum í dómi og skráningu hjá Fangelsismálastofnun.

**Tafla 7. Tegund afbrota eftir kyni**

| Tegund afbrots | Konur | Karlar | Alls % |
|---|---|---|---|
| Umferðarlagabrot | 12 | 161 | 25,0 |
| Þjófnaður/innbrot | 15 | 149 | 23,8 |
| Fjársvik | 8 | 65 | 10,6 |
| Ofbeldisbrot | 3 | 74 | 11,2 |
| Kynferðisbrot | 0 | 52 | 7,5 |
| Fíkniefnabrot | 11 | 139 | 21,8 |
| **Alls** | **49** | **640** | **100** |

Hlufallslega voru flestir að afplána refsingu fyrir umferðarlagabrot en hafa verður í huga að þar sem könnunin nær jafnframt til þeirra sem voru að afplána vararefsingar fésekta þá eru hlutfallslega fleiri af þeim sem falla undir þann brotaflokk. Næst hæsta tíðnin var þjófnaður/innbrot[27] og svipað hlutfall fíkniefnabrota en þeim síðarnefndu hefur far-

27 Þeir sem að frömdu rán eru flokkaðir með Þjófnað/innbrot þar sem aðeins 3 einstaklingar voru að afplána fangelsisrefsingu fyrir slíkt brot á þessu gefna tímabili og nær til rannsóknarinnar.

ið ört fjölgandi á síðustu árum, sjá ársskýrslur Fangelsismálastofnunar. Um 11% afplánuðu refsingu fyrir ofbeldisbrot en undir þann flokk eru bæði þeir sem voru dæmdir fyrir líkamsárás og manndráp. Fæstir voru að afplána refsingu fyrir kynferðisbrot. Í þeim hópi eru bæði þeir sem dæmdir voru fyrir kynferðisbrot gegn börnum og þeir sem dæmdir voru fyrir nauðgun. Á þessu tímabili var meirihlutinn að afplána refsingu fyrir kynferðisbrot gegn börnum eða 33 á móti 19. Við athugun á tegund afbrota eftir aldri kom í ljós að hlutfallslega voru fleiri af yngri aldurshópnum að afplána refsingu fyrir umferðarlagabrot, þjófnað/innbrot, ofbeldisbrot og fíkniefnabrot. Veik fylgni fékkst þó á milli aldurs og afbrots.

Tafla 8 sýnir síðan það afbrot sem hver fangi var að afplána í það skiptið í tengslum við afplánunarferil. Athygli er vakin á því að þessar tölur segja ekkert til um tegund afbrots sem fangarnir höfðu áður fengið refsingu fyrir og afplánuðu í fangelsi.

**Tafla 8. Afplánunarferill eftir tegund afbrots %**

| | Umferðarl. brot | Þjófnað/ Innbrot | Fjársvik | Ofbeldisbrot | Kynferðisbrot | Fíkniefnabrot |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fyrsta | 56,7 | 45,2 | 64,1 | 57,3 | 82,7 | 63,9 |
| Önnur | 21,9 | 16,1 | 9,4 | 22,7 | 5,8 | 19,5 |
| Þriðja-sjötta | 17,6 | 21,9 | 21,9 | 12,0 | 9,6 | 14,3 |
| Sjöunda + | 3,8 | 16,8 | 4,7 | 8,0 | 1,9 | 2,3 |

Í töflunni sést að meirihluti þeirra sem voru að afplána refsingu fyrir þjófnað/innbrot höfðu áður setið í fangelsi eða um 55% og tæplega tveir af hverjum fimm voru að afplána í þriðja sinn eða oftar. Við nánari athugun hafði um 61% af þessum brotahópi áður afplánað refsingu fyrir þjófnað/innbrot. Rétt rúmur meirihluti þeirra sem voru að afplána refsingu fyrir ofbeldisbrot og umferðarlagabrot voru í sinni fyrstu afplánun. Hins vegar var stór hluti þeirra sem voru að afplána refsingu fyrir kynferðisbrot í sinni fyrstu afplánun eða 83%. Þá var yfir 60% þeirra sem voru að afplána refsingu fyrir fjársvik og fíkniefnabrot jafnframt í sinni fyrstu afplánun.

### *III.2 Fjölskyldustaða í uppeldi eftir tegund afbrots*

Fyrst er að nefna að ekki reyndist vera tölfræðilegur marktækur munur á fjölskyldugerð og tegund afbrots. Annað var uppi á teningnum þegar skoðuð var atvinnustaða foreldra og tegund afbrots. Marktækt algengara, $p<0,03$ var að þeir sem afplánuðu refsingu fyrir þjófnað/innbrot og ofbeldisbrot höfðu alist upp hjá foreldri(um) í verkamannastöðu eða meðal atvinnlausra/öryrkja. Veik fylgni fékkst síðan þegar skoðuð var vímuefnaneysla foreldra en þó svöruðu hlutfallslega fleiri af föngunum sem frömdu þessi sömu ofangreind brot því til, að eiga annað foreldri eða bæði með vímuefnavanda. Hjá þeim sem nefndu báða foreldrana reyndist hlutfallið hæst á meðal þeirra sem frömdu þjófnað/innbrot eða um 40% á móti 29% hjá þeim sem frömdu umferðarlagabrot og komu næst á eftir þeim fyrrnefndu.

### *III.3 Búseta*

Við athugun á tegund afbrota sem fangarnir voru að afplána refsingu fyrir og hvar þeir höfðu búsetu áður en þeir hófu fangelsisvistina kom í ljós að þeir sem sögðust hafa verið á götunni höfðu flestir framið þjófnað/innbrot eða 40% þeirra en þar á eftir fyrir

